Steinunne ætte Sr. Geyr þesse Born, er á Legg komust, sem ad eru Asa Systkyn vors Hæsæla Biskups: 1. Sr. Marcus i Laufæse, hvers nærstum er geted. 2. Sr. Þorsteiñ: Hann var nockur Ar Þienare Biskupsins Hr. Gisla Þorlækssonar, sijdann 4. eda 5. Ar Heyrare her vid Skoolañ, siglde þar epter til Hæskoolans i Kaupmañahafn, took Atteſtats Theologicum og vard Rector her vid Skoolann frá 1673. til 1683. þá hann á sama Are uñ vored vijgdest til Laufæss, enn þienade þo Skoolanum nærsta Vetur epter, og gypteſt uñ Hausted ádur Eckiu Teits Torfasonar Skalholts Stadar Ráds manns, Helgu, Doottur Sr. Jons Profasts Arasonar i Vatnsfyrde; Hann deyde 1688. Barnlaus. 3. Arne G. S. var fyrst Prestur til Reinis-Stadar Klausturs, hafde sijdann Kalla skipte vid Sr. Jon Einarsson, Klaustur Prest á Munka-Þverá, hvar hann dvalde skamma Hrijd, þar hañ miste Embætted fyrer Barn-eign. Eñ 1677. feck hann af Johan Petursſyne Klein Brief fyrer Landþijngs Skrifara Embættenu hier á Lande, bioo fyrst ad Svigna-Skarde, hvadañ hañ flutte sig ad Hoole i Hordudal, og geck ad eiga Eckiu Profastsins Sr. Jons Hannesſonar i Snoksdal Gudbiorgu Jons Dootter Gislasonar, og áttu þau ei Born saman. 4. Sigrijdur elldre gypteſt Jone, Syne Sigurdar Hrolfssonar Sijslumanns og Gudrunar, Doottur Sr. Sæmundar Profasts Karssonar i Glaumbæ. Jon var Logriettumadur i Þijngeyar Sijslu yfer 40. Ar, og ætte vid Hwsfreyu sinne (a) Biørn. (b) Halldoru, er giptest Sr. Eyreke Gudmundarsyne á Fagranese, Fodur Sr. Gudmundar Prests til Saudafells og Snoks-Dals Þijnga, Sr. Marcusar i Hvamme i Nordur-árdal, Christinar er ætte Sr. Gisla Einarsson á Audkwlu, og Olufar, er giptest Logrettumannenum Haflida Jonssyne á Svijnavatne. (c) Ragnheide (d) Malmfride, er ætte Logrettumañenn Illhuga Grymsson ad Garde i Adal-Reikiadal, Broodur Sr. Jons G. S. á Hialltabacka, enn Fodur Sr. Grijmulfs i Glaumbæ; og (e) Sigride, er ætte Thom-

(a) Torfa Arasonar Riddara (er her vard Hirdstioore 1450.) og Christinar Þorsteinsdottur Olafssonar Logmanns, hveria sijdar eignadest Helge Logmadur á Skrum. Hwsfreya Arna á Hlijdarenda het Gudrun, Dotter Sæmundar Eireksſonar i Asi i Hollturn, Biarnasonar, Sumarlidasonar; enn Mooder Sæmundar var Emerentiana Þorleifsdotter. Mooder Gudrunar Sæmundar D. á Hlijdarenda, var Gudrijdur, Dotter Vigfusa Erlendssonar, Erlendssonar, frá Kolbeinsstodum. Vigfus hafde her Hirdstioorn 1507. enn 1513. vard hann Logmadur fyrer sunnañ og austañ, epter Þorvard Broodur sinn, siglde til Norvegs 1521. og deyde þar á sama eda næsta Are epter: Hanns Hwsfreya var Gudrun Paalsdotter, Syster Þorleifs Logmans á Skarde. Erlendur Erlendsson (Fader Vigfusa, og sem wte lá i Hrijdeñe, med Sveine Spaka, er sijdann vard Biskup) ætte Gudrijde Dottur Þorvardar á Modruvollum Loptssonar Rijka og Margrietar, sem Dotter var Vigfusa Iverſonar Hoolms, Edalborens Manns wr Norvege, og voru þeir Fedgar hier á Lande Hyrdstioorar.

Thomas Helgason á Sijlalæk. 5. Sigridur yngre, giptest Sr. Gísla Jonssyne, er leinge var Prestur á Helgastødum, Fodur Profastsins Sr. Jons í Saurbæ, er giptest 1711. Ingebiorgu Biornsdootter, og var peirra Dootter Sigridur, fyrre Kuinna Sr. Biorns Schevings, Prests ad Eyardals-á. 6. Sigridur ynasta doo Barnlaus. 7. Þordijs, giptest Byrne, Syne Hákonar í Nesi nordur, Biornssonar Prests frá Saurbæ Gíslasonar. 8. Helga, doo ogipt Barnlaus

Mooder Saal. Hr. Biskupsins Gísla Magnussonar, var, sem ádur er sagt, Gudrun Odds Dotter, Syster Ingebiargar fyrre Kvinnu Profastsins Saal. Sr. Þorsteins Ketilssonar á Hrafnagile, er fæddest 1676. eñ deyde 1748. og Þorunar, er seinne Kona var Sr. Arnbiarnar Jonssonar ad Undersælle, hun fædd 1675. eñ deyde 1755. Þessar tvær lietu ei Born epter sig. Gudrun Olst upp hiá Fodur Systur sinne Hwstrw Ragneide Joonsd. frá því hun fæddest her á Hoolum 1677. til þess hun giptest í Grof á Hofdastrond Velnefndum Sr. Magnuse Marcussyne. Heñar Fader var Oddur Jonsson Klausturhalldare á Stad í Reinenesi, Sonur Profastsins Sr. Jons Arasonar í Vatnsfyrde, og Holmfrydar Sigurdar Dottur; (f) og voru, auk Klausturhalldarans Odds, þesse peirra Born, eru

(f) Fader Holmfrydar var Sigurdur, Radsmadur í Skalholte, Sonur Odds Biskups Einarssonar og Hwstrwr Helgu, Dottur Jons Biornssonar á Grund og Gudrunar Arnadottur Gislasonar frá Hlijdarenda. Fader Jons B. S. (sem hafdi nockur Ar Kongs Vald í Skagafyrde) var Sr. Biorn, er uñ Hrid hellt Þyngeyra Clausture, og sidar Melstad, Sonur Biskups Jons Arasonar og Helgu Sigurdardottur. Barna Mooder Sr. Biorns var Steinun Dotter Jons B. Magnussonar á Svalbarde og Ragnheidar Petursdottur. Mooder Holmfrydar S. D. var Þorun Rijka, D. Jons Vigfwssonar Syslum. í Þyngeyar Syslu, er atte Ingebiorgu Dotter Sr Biorns Gislasonar í Saurbæ (Brodur Arna á Hlijdarenda) og Malmfrydar, Dottur Sr. Torfa Jonssonar Finnbogasonar Logmanns. Sr. Torfe hellt Saurbærstad og matte rijma vegna þess hann hellt of fast vid þa Papisku Side. Jon Syslumadur var Son Vigfwsa B. í Dal er atte Aunnu Eyulfsdottur, og vid henne par ad auk Jon og Þorbiorgu, Mooður Gisla Hakonarsonar Logmanns. Fader Onnu Eyulfs Doottur var Eyulfur í Dal, Son Einars Logmanns og Hwstrwr Holmfrydar, Dottur Erlends Erlendssonar á Kolbeinsstodum; Enn Mooder Þinn (er giptest Eyulfe 1540.) var Helga Dotter Jons Biskups Arasonar. Fader Vigfusa í Dal var Þorsteinn B. Son Finnboga Logmanns, er giptest Steinlin Dottur Torfa Jonssonar (Olafssonar Loptssonar Rijka) er bioo í Flosa, og Helgu Gudnadottur, af Lepps Ætt. Fader Biskups Odds var Sr. Einar í Nesi nordur, fijdarst Prof. í Mu-

Moodur-Fodur Systkyn Sæl. Biskupsins. 1. Magnus Jonsson i Ogre, giptest Astrijde Dottur Sr. Jons Jonssonar og Halldoru Jons Dottur fra Hollte i Onundarfyrde, heirra Dætur Hwstrw Þorbiørg, er giptest Þale Logmanne Widalin, og Christin, er ætte Snæbiorn, Son Þals Syslumanns Torfasonar og Groou Marcusdottur. 2. Sr. Gudbrandur, vard Capellan i Vatnsfyrde hiæ Fodur sijnum, og feck Stadenn og Profastsdæmid epter hann: Hañs Hwsfreya var Elin, Dotter Hækonar Gislasonar og Helgu Magnusdottur fra Brædratwngu. 3. Sr. Sigurdur Prestur ad Hollte i Aunundarfyrde, giptest Helgu Dottur Sr. Þals Biornssonar i Selardal og Helgu Arngrimsd. Profasts fra Melstad. Þeirra Born: Þorun, Halldora, Ragnheidur (er giptest Sr. Teite Þalssyne, Fodur Profastanna Sr. Magnusar i Vatnsfyrde, Sr. Jons i Gaulverjabæ, og Halldoru, Kvinnu Syslumannsins Olafs Arnasonar) Sr. Sigurdur, er fieck Stadenn epter Fodur sinn, Jt. Jon, Helga, Gudbrandur. 4. Are, giptest Christrunu, Dottur Profastsins Sr. Þorsteins Illugasonar æ Vollum og Steinvarar Jonsdottur Profasts Runolfssonar; Þeirra Born: Jon; Holmfridur, er giptest Studioso Þorlæke Marcussyne i Grof; Biørg, giptest Klausturhalldaranum Eyolfe Einarssyne, Steinvør, er ætte Sr. Jon Einarsson æ Skinnastodum, og Gudrun. 5. Helga, giptest fyrst Teite Torfasyne, sijdañ Sr. Þorsteine Geyrssyne i Laufasi. 6. Ragnheidur elldre, giftest Torfa Sijslumañe i Flatey, Syne Jons Torfa S. og Gudrijdar Magnuss Dottur: voru Þeirra Born; Joon T. S. er giptest utanlands; Gudrijdur Hwsfreya Sr. Gunnars Þalssonar æ Gilsbacka, og Christin. 7. Ragnheidur yngre, þridia Hwstrw Biskupsins Hr. Gisla Þorlæksssonar, enn sijdare Biskupsins Hr. Einars Þorsteinsonar. 8. Anna, giptest Sr. Olafe Þorvardarsyne æ Breidabolstad, Þeirra Born, Gisle og Christin. 9. Christin, deyde Ogipt.

Fader Profastsins Sr. Jons i Vatnsfyrde var sa Nafnfræge Hofdings Mañ Are Magnusson i Ogre, Syslumadur i Isafiardar og Stranda Syslum sem vid Hwsfreyu sinne Christinu, Dottur Biskups Gud

---

i Mula Þynge og Prestur i Eydslum; Eñ Mooderenn Margret Helgadotter. Sr. Einar var fæddur ad Hraune (Homrum) i Reikiadal 1539. agiætt Skallld, merkelegur Guds Madur og misg Ætt-Sæll: Hañ deyde 15. Julii 1626. Fader Sr. Einars var Sr. Sigurdur Þorsteinsson, sijdarst Prestur i Grimsey: Og hyggium vær hann hann Fioorda Prest sijdann 1551. Er þar liggur grafinn. Hañs Hwsfreya var Gudrun, Dotter Finnboga Abota a Þverai, Sonar Einars Abota sama Stadar, Isleifssonar, Broodur Þorv Isl. D. Moodur Moodur Biskups Jons Arasonar.

Gudbrandar aa Hoolum (g) og Halldoru Arnadottur Gislasonar fraa Hlijdarenda, aatte þesse Børn: 1. Adurtiedann Sr. Jon, sem fyrst var Skolameistare i Skaalhollte, sijdañ Prestur ad Vatnsfyrde og Profastur i Isafiardar Syslu. 2. Magnus aa Reikhoolum, er giptest Þorune Rijku, Dottur Jons Vigfussonar Syslumanns og Ingebiargar Biørnsdottur: Þeirra Son var Jon, er eignadest 1641. Jorune, Dottr Magnusar Løgmañs Biørnssonar og Gudrunar Gisladottr Løgmanns Þordarsonar, og voru þeirra Børn (a) Magnus J. S. Løgmadur aa Reikhoolum, Moodur Fader Saal. Hr. Amtmannsins Magnusar Gislasonar, Hwstwr Gudrijdar i Skaalhollte og Ragnheidar Kviñu Prof. Sr. Jons Jonssonar i Stafhollte. (b) Sr. Paall aa Melstad, og (c) Elen. 3. Þorlaakur A. S. giptest Maalmfrijde, Dottur Gisla Biørnssonar (Prests Gislasonar) aa Hoole i Hordudal og Jorunar Hannesdottur Biørnssonar i Snoksdal. Binggu þau under Felle aa Fells-Strond, og var þeirra Dootter Helga, er geck ad eiga Jon Syslumann elldra Vigfussson aa Hvole, Fødur Christinar (er aatte fyrst Torfa Gudmundarson aa Keldum enn sijdar Sigurd Sigurdarson Landþijngsskrifara) og Erlendar aa Hvole Løgriettu Manns, er giptest Ingebiørgu Dootur Hr. Sigurdar Biørnssonar Løgmañs, og eru þeirra Børn Prof. Sr. Vigfws aa Setberge, Torfe Fader Gudfinnu i Hytardal, Hwssfreyn Prof. Sr Halldors Finnss. og Sesselia. 4 Halldora, gipt 1622. Gudmunde Haakonarsyne aa Þijngeyrum, Fødur Þorkels, Fødur Ara Syslumanns i Haga aa Bardastrønd og Helgu, Konu Biørns Magnussonar. 5. Helga, andadest fulltijda Barnlaus 1614.

Fader

(g) Fader Hr. Gudbrandar var Sr. Þorlakur Hallgrimsson Sveinbiarnarsonar Prests fra Mwla, Þordarsonar. Var Sr. Þorlaakur fyrst Prestur ad Stad i Rwtafyrde, sijdañ aa Stadarbacka, þar epter aa Þijngeyrum i Tijd Helga Abota, og seinast uñ Hrijd aa Melstad epter Sr. Jon Gislason, sem miste þad Kall. Mooder Hr. Gudbr. var Helga, er fyrst giptest Kraake Hallvardssyne, Fødur Sr. Jons i Gørdum aa Alftanese, og Biargar, er aatte Sr. Erlend Paalsson a Breidaboolstad i Vesturhoope. Sijdan var Helga aa Raade med Sr. Þorlake, hverium Biskup Olafur skipade i siñe Uñferd yfir Huna-Vatns Þijng 1555. ad binda Løglegañ Hiwskap vid Helgu, hvad hñ og giørde. Fader Helgu var Jon Løgmadur Nordañ og Vestañ her aa Lande, Sonur Sigmundar Prests Steinþorss. giptest Jon Løgmadur Biørgu Þorvallds D. fraa Mooberge i Laangadal, Systur Jons Þorvalldss. Abota aa Þijngeyrum, er aadur heldt Høskulldstade. Mooder Jons Løgmañs var Hwstrw Solveig, Dotter Biørns Rijka aa Skarde, Sonar Þorleifs Arnasonar og Vatnsfiardar Christinar Biørns D. Jorsalafara Einarss. Eyreksſ. Riddara Sveinbiarnars. Fader Sveinbiarnar nefnest Sigmundur, er aatte Herdysi, D. þess goodfræga Manns Rafns Sveinbiarnars. aa Eyre Baardars. Svarta, er þiente Magnuse Kñge gooda. Kona Eyreks Ridd. Sveinb. s. var Hustru Vilborg Einarsd. Þorvallds. fra Vatnsfyrde, aatte Þorv. Þuride D. Snorra Løgm. Frooda Sturlus. og maa þessar Ættir telia til Konga i Danmørku, Norvege og Englande, og annarra mestu Høfdingia hier aa Nordurløndum.

Fader Ara i Ögre var Magnus, Sonur Jons Magnussonar a Svalbarde og Ragnheidar Petursdottur: Voru Systkyn Magnusar: Jon, Logmadur: Paall Syslumadur a Stadarhoole: Sigurdur, Syslumadur i Skagafyrde og Klausturhalldare ad Stad; Steinun, Barna-Mooder Sr. Biorns a Melstad, epter hvers Afloku i Skalholltе hun gifteſt Olafe, Syne Jons Einarssonar og Christinar Gottskalksdottur Biskups; Þordijs, Solveig, Kolbein var laungietinn. Magnus var lenge Syslumadur i Þorskafiardar Þinge, bioe fyrst, epter þad hann kom ad nordann, ad Ögre vid Isafiardar-Diwp, sidann ad Bæ a Raudasande, epter þad Magur hanns Eggert Logmadur sigldе. Magnus var vitur Hofdinge og Skald gott; Giftest fyrst Elenu Jonsdoottur Sturlasonar og Gudnijar Grijmsdoottur og doo hun Barn-laus, sijdann egtade hann Ragnheidi Dottur Eggerts Logmans, Sonar Hannesar Hirdstioora, Sonar Eggerts Eggertssonar Logmanns i Vijkinne i Norege. Hustru Hannesar var Gudrun Dotter Biorns Gudnasonar Jonssonar, (af Lepps Ætt). Eggert Logmadur Eggertsson feck sitt Adals-Bref 1488. Enn hanns Sonar Son Eggert Logmadur feck Konungl. Stadfesting þar uppa 1551. Born Magnusar og Ragnheidar voru: 1. Jon eldre i Haga, Sijslumadur i Dala-Syslu; Hans Hwsfreya var Astrijdur, Dotter Gisla Þordarsonar Logmans, þau deydu bæde sijdla Arsins 1641. Peirra D. Ingebiorg er giptest i þridia sin Logmanenum Þorleifi Cortssyne. 2. Ara i Ögre devde 1652. og nockru sijdar Christin Hwsfreya hanns; einnig a sama Ara, Þorleifur, Christin og Gudrun Systkyn hans. 3. Biorn, sat ad Bæ a Raudasande og var Sijslumadur yfer Bardarstrandar-Sijslu: Hans fyrre Kvinna var Sigrijdur Dotter Dada Biarnasonar og Arnfrijdar Benedictsdottur fra Skarde a Skardsstrond; Var þeirra Son Eggert a Skarde, er atte Valgerde, Dottur Gisla Hakonarsonar Logmans. Sijdari Kona Biorns var Helga, Dotter Sr. Arngrijms Profasts a Mel og Solveigar Gunnarsdottur Gislasonar; voru þeirra Born: Sr. Paall i Selardal og Sigrijdur i Odda, Kona Profastsins Sr. Þorleifs Jonssonar, en Mooder Biskups Biorns a Hoolum. 4. Þorleifur a Hlijdarenda, hellt halfa Skaptafells-Syslu, og gieck ad eiga Groou Dottur Gisla Arnasonar fra Hlijdar-E og Ragnhilldar Gudmundard. Peirra Dotter var Þrudur, er atte þann hævitra Hofdingia Gisla Syslumann a Hlijdarenda Magnusson, Biornssonar Logm. Fodur Hustrur Gudrijdar i Skalholltе, er atte M. Þord Biskup Þorlaksson. Seinni Kona Þorleifs var Sesselia Bjornsdotter fra Laxamijre; Peirra Son Þorsteinn a Vijdevollum Sijslumadur i Skagafyrde, er atte Elene Doottur Biskups Hr. Þorlaks og Christinar Gisladottur Logmanns Hakonarsonar; Dootter Þorsteins var Hwstru Þrudur, gipt Biskup Mag. Biorn Þorleifs Syne: Grooa var og onnur Dotter Þorleifs, er giptest Biskupenum H. Gisla

Þor-

Porlaksſyne. 5 Jon yngri, af sumum kalladur Dan, bioo ad Eyre i Seidisfyrde; Hañs Kvinna var Ingvelldur Gudmundardotter Helgasonar; Peirra Born voru: Biarne, Gudrun og Sigrijdur, er ætte Jon, Son Egils Jonssonar a Geitis-Skardi og Rañveigar Marcusdottur. 6. Elin M. D. gifteſt Sæmunde, Syne Arna B. Gislasonar a Hlijdarenda og Gudrunar Sæm. D. Sæmundur hafde uñ Hrijd Stapa-Uñbod, og bioo a Eignarjord siñe Hoole i Bolunga-Vijk. 7. Ragnheidur gifteſt Einare B. Hakonarsyni Arnasonar fra Hlijdarenda, hañ bioo i Asi i Holltum og hiellt Arness-Syslu. 8. Katrin, gifteſt Biarna Hakonarsyne Broodur Einars. 9. Gudrun, giptest Henriki a Innrahoolme, er uñ hrijd hielldt Borgarfiardar-Sijslu, Syne Gisla Logmans Pordarsonar, og Hvstrvr Ingebiargar Arnadottur fra Hlijdarenda, og voru peirra Born: Pordur, Gudrun, og Jorun, er ætte Benedict Sijslumadur a Seilu, Sonur Halldors Logmanns Olafssonar. 10. Sesselia, gifteſt Isleife B. Eyulfssyne i Saurbæ: Fader Isleifs var Eyulfur B. Haldorsson, er ætte Solveigu Dotter Arna G. S. a Hlijdarenda. Af Sesseliu er kominn Biskup Vidalin og margt añad gofugra Manna. 11. Christin, deyde Barn-laus.

Fader Magnusar i Ogre var sa nafnkuñuge Høfdinge Jon Magnusson a Svalbarde, og var hañs Hvsfreya Ragnheidur Peturs Dotter, Syster Arna i Stooradal, og Sesseliu Barna-Moodur Sr. Sigurdar Jonssonar a Grenjadarstad: Enn Fodur-Fader Magnusar var Magnus Boonde i Skridu i Reykiadal, er hafde Kongs Syslu og Uñbod mille Vargiar og Ulfdala Fialla, 1482. hañ ætte Christinu Dottur Eyolfs Arnfiñssonar Riddara og Snælaugar Gudnadottur (af Lepps Ætt). Fader Magnusar i Skridu var Sr. Porkiell Gudbiartsson Prestur i Laufase, er hiellt vid Pordyse Sigurdardottur fra Svalbarde; Fader Porkiels Prests var Sr. Gudbiartur, einig i Laufase, kalladur Flooke, Sonur Asgrijms Prests Gudbiartssonar Vemundarsonar, er ættadur skrifast vr Færeyum.

Moodur Mooder vors hasæla Biskups, eñ Hvsfreya Klausturhalldarans Odds a Reinis-Stad var Gudlaug, Dotter Gudmundar a Kielldum Torfasonar, og Valgerdar, sem Dotter var Halldors Logmañs Olafssonar og Hustrvr Haldoru Jons-Dottur Biornssonar Jonssonar Biskups Arasonar; Eñ Mooder Hustrur Helgu var Gudrun, Dotter Arna B. Gislasonar a Hlijdarenda.

Fad-

Fader Haldors Logmanns var Olafur Jonsson (kominn af Eirijki Riddara Sveinbiarnarsyne), er hiellt Modruvallna-Klaustur, enn Mooder Haldors Logmanns, var Þorun, Dotter Benedicts Rijka Haldorssonar, Prests Benedictssonar af Modruvellinga Ætt. Torfe a Kieldum (Fader Gudm.) gifteſt 1611. Gudlaugu, Dottur Sr. Gudmundar Gislasonar, er hiellt Bæar-Stad i Flooa, og Önnu Þorlaksdottur. Sr. Gudmundur var Son Gisla Sveinssonar Skalholts-Stadar Raadsmans og Gudrunar, er Dotter var Biskups Hr. Gisla Jonssonar og Christinar, Dottur Eyulfs ynara Mokolls: Atte þesse Eyulfur Helgu, Dottur Þorleifs Biørnssonar Hyrdstioora. Fader Torfa a Kieldum var Eyrikur Biørnsson Þorleifssonar Logmans a Skarde, Paalssonar, Jonssonar, Asgrijmssonar. Mooder Torfa a Kieldum hiet Þoruñ Snæbiarnar Dotter. Paall Jonsson a Skarde (Fader Þorleifs Logmanns) atte Solveigu Dottur Biørns Hyrdstioora Þorleifssonar og þess nafnfræga Kvennskorungs Olufar Lopts Dottur Rijka. Marga fleyre Stoor-Hofdingia Lands vors til Hlida og uppepter mætte hier uppreikna; enn vier lætum þetta nægia um Sinn, er sijner, ad vor Hæasæle Biskup hefur, ann Fylgis ad tala, verid medal gofugustu Maña hier a Lande, um þessa Tijma.

2. Hier nærst vijkium vier til sialfrar Æfisøguñar.

Epter þad þesse vor Hæasæle Biskup var fæddur og inntekeñ fyrer H. Skijrn i Ork heilagrar Christne, matte hañ a þridia Missere sian a Bak sinnar elskulegu Moodur; hver þa fyrer Sanluhialplegañ Dauda burtkalladest: Samt olst hañ upp hia sijnum gooda Fodur, er hann uppmentade i Guds Otta og christelegum Dygdum, lagde eiñig Grundvoll hia honum til booklegra Menta: selde þar epter til Læringar Protastenum Sr. Þorleife Skaptasyne, er þa heldt Mwla Stad: Dvalde hann hia honum nockra Vetur, og var af honum med angiætum Vitnesburde til Kaupenhafnar Hæaskoola dimitteradur, hvert hann reiste med Akurevrar Skipe 1731. Sama Ar deponerade hann under Decano Philosophiæ, þeim Nafnfræga Stiornu Meistara Petre Horrebow, og odladest fyrer Privatum Præceptorem Sal. Prof. Gram, er a sama Are vard Geheime Archivarius og Justitz Raad. Epter Rade sijns Gudhræddа og Gooda Fodur lagde vor Sal. Hr. Biskup sig strax epter Theologicis, og heyrde med

allre

allre Köstgiæfne Collegia þeirra merkelegu Guds Maña Prof. Hr. Steenbucks og D. Marc. Wöldikes, þa ny-ordens Professoris Theologiæ, took einnig Attestatz under þeim sømu. Skøm̃u sijdar reiste hann fra Kaupmañahøfn, og kom til sijns Fødurlands, um̃ Jons-Messu Leite a Akureyrar Skipe 1734. Var þa Fader hañs andadr hvad ed skiede 22. Nov. 1733. Nu þar Erfingia Naadar-Ar stood þa yfer, viek vor Haasæle Biskup ad Greniadarstad og bioo þar med Velnefndre Systur siñe Gudlaugu, og aasamt Systkynum sijnum, afhendte Stadeñ med þvi hønum fylgia bar þaangad komnum Preste Sr. Þorde Gudmundar syne. Epter þetta foor vor Saal. Herra um̃ Vored 1736. til Maags sijns og Fødur-Systur, vestur ad Geites-Skarde i Laugadal, og giptest þar, med Kongs Leife, Stoor-gøfugre Frænd-Konu siñe, nu saartþrejande Frw INGEBIØRGU SIGURDAR DOTTUR. Var þeirra Brwdkaup, samt hañs elskulega Broodur, Landþijngs-Skrifarans Odds, er giftest þeirre annare Systur, nefnelega Saal. SIGRIDE S. D. med mikelle Rausn hallded ad Geitis-Skarde i Vidurvist margra gøfugra Mañа, enn Prests-Verkeñ giørde Profastureñ Saal. Sr. Sæmundur Magnussson þañ 21. Octobris 1736. Foor Oddur Saal. og Hwss-Frw hañs þar epter ad Reinis-Stad, eñ vor hiartkiære Biskup med sinne elskulegu Hwstru, sat kyrr a Skarde, þar hañ um̃ þesse Missere hafde eckert Embætte a Hende. I þeirra Egtaskap hefur Gud blessad þau med 6. Børnum, af hverium 3. deydu Korn-ung, eñ 3. eru nu lifande, nefnelega 1. Magnus, Kongl. Maist. Sijslumadur i Hwnavatns Þijnge, giptur Mad. Helgu Halldors dottur. 2. Sr. Oddur, Prestur til Miklabæar og Silfrastadar Safnada, qvongadur Mad. Gudrunu Jons dottur Prests fra Goddølum, og 3. Christin, gipt Skoolameistaranum Mag. Halfdane Einars syne.

Þegar Saal. Jon Þorkells son lagde fra sier Skoolameistara Embætte i Skaalholte 1737. og siglde sam-sumars hiedan af Lande, feck vor Haasæle Biskup Køllun fra Biskupenum i Skaalholte, Mag. Jone Arna syne, ad hann um̃ Hausted sudur kiæme, og tæke ad sier þad liduga Skoolameistara Embætte; hverre Gudlegre Tilhlutan

hann hlijdnadest, jafnvel þo ælite sier of-vaxed, ad undergaangast þeña Vanda i framande Platze, einkum þar hañ hafde ei ædur genged i publiqve Skoola. Ferdadest þo sudur i Trauste Gudlegs Fulltijnges og Kollunar under Veturnætur, og took Biskup M. Jon bædum Høndum moote hønum: hroosade og jafnan vor Hæsæle Biskup Biskupe Jone, þa um̃ hañ var rædt, hversu hañ hefde reynst sier ævallt sem goodur Fader, i þeim Hlutum, er hañs Embætte snertu. Ad lidnum þeim fyrsta Vetre i Skælholte reiste hañ nordur i Land, og flutti Hwss-frw sijna og Varnad i Skælholt, og voru þau þar bædi þañ añañ hanns Vetur, eñ hlaut 1740. reisa Bw i Midfelle og bioo þar til Vorsins 1743. þa hañ flutte sig þadañ Bwferlum ad Hauka-Dal. Um̃ Sumared 1746. feck hann Konunglegt Veitingar Bref (Dat. 3. Junii sama Ars) fyrer STAD æ Øllduhrigg, og var hønum Stadureñ afhendtur æ sama Sumre þañ 3. Aug. eñ um̃ Hausted, þañ 18. Sunnudag efter Trinitatis, var hann vijgdur til þess H. Prests og Predikunar Embættes, af þa verande Stift-Profaste, nu Hæ-Edla og Hæ-æruverdugum Biskupe Skælholts Stiftes Doct. Finne Jonssyne: Viek hañ ad bragde til Stadar, og feck skøm̃u sijdar Skickunar-Bref, ad vera Profastur i Snæfells-ness og Hnappa-Dals Sijslum. Vored epter, nefnelega 1747. sookte hañ sijna elskulega Hwstru, Børn og giørvallañ Varnad, og flutte fræ Haukadal ad Stad: Biggde hañ sijdañ upp Kyrkiuna og Stadarens Hws af Grundvelle forkunar vel, og ætlade so til, ad hañ munde moota Starfs sijns og mikells Uppækostnadar, er hañ fyrer Stadnum hafde, sijna Lijfs Tijd. Eñ Guds Veger eru hærre eñ Mañaña Veger.

Efter þad Biskupeñ Hr. Haldor Bryniulfsson deyde um̃ Hausted 1752. kom, Vored efter, Skickan til þa verande Stift-Profasts, Hættnefnds Biskups D. Finns, hañ skylde reisa til Kaupmañahafnar, væntanlega, til ad verda Biskup i Hoola Stifte, enn þar Biskupeñ Hr. Olafur Gislason deyde efter Nij-ær 1753. og Skælholts Stoll þess vegna lidugur, þa snerest so, ad Biskup Finnur vijgdest þængad, og kom wt nærsta Sumar 1754. Eñ vor Hæ-sæle Biskup feck Bref fræ þvi Hæloflega General Kyrkna Inspections Collegio,

hañ

hañ skyllde a sama Are reisa til Kaupmañahafnar, grunade hañ þa og marga adra, hvad Erended munde vera; Eñ sökum þess hañ hafde alvarlega hugfest ad vera kyrr a Stad, viek hañ wr Plaatse þvi (er hann optlega tiaade sier hefde þoott hid yndælasta) miog naudugur, og, einasta til ad sijna skyldugustu Hlijdne, reiste med Stickeshoolms Skipe, la um̃ Hrijd inn i Norvege vid Arndal, eñ komst med heilu til Kaupmañahafnar, þañ 24. Novembris. Þa haatt-nefndt Collegium til-kiñte honum, hvar fyrer hann være til Danmerkur kalladur, vilde hann a allar Lunder komast hia þvi, ad sier være þad haavigtuga Biskups Embætte a Herdar lagt, og geck so lenge Vetrar, ad Meñ voru i Ovissu, hver Hoola Biskup munde verda. Eñ med Fylge haattnefnds Collegii og Fortolum merkelegra Manna, riedst þad af, ad hann afhendte sitt Maal og Erende Gudlegre Forsiaa og Konglegrar Haatignar FRIDRIKS ens GOODA fodrlegum Vilia. Nockrum Vikum þar efter feck hann Kongl. Kollun og Skickan af 29. Martii. 1755. hañ skyllde vera Biskup i Hoola-Stifte, og var til þess haavigtuga Embættes innvijgdur i Vorrar Frwr (Mariu) Kyrkiu i Kaupmañahofn, af Haa-Edla og Haa-æruverdugum Biskupenum i Siaalands Stifte Hr. Lodvik Harboe, þañ 5. Maii nærst epter, sem var 5. Sunnudag epter Paaska. Fraa Kaupmañahofn reiste þesse Haasæle Herra þañ 6. Junii Land Veg til Helsingia-Eyrar, i hverium Stad hañ maatte dvelia til þess þrettanda sama Maanadar, þa hañ efter midian Aptan siglde þadan, og efter laangsama Utevist komst inn under Hoskulds-Ey a Breidafyrde, liet setia sig i Land ad Setberge i Eyrar-Sveit og kom heim ad Stad þañ 19. Julii, hvar hañ maatte med Glede finna sijna Hiartkiæru Frw, Born og Varnad i goodu Tilstande. Þañ 21. Aug. afhendte Saal. Hr. Biskupen Kyrkiuna, eiñig Stadarens Hws og Inventarium, sijnum Epterkomara Profastenum Sr. Jone Magnusssyne, allt Hefdarlega medfared, so sem þa giørdar Uttekter greinelega syna.

Fraa sijnum opt þar eptir þreyda STAD (er honum reyndist STADA-STADUR) og wr Stadar-Sveit reyste hañ med allañ sinn Varnad þañ 23. fyrrtieds Maanadar, og kom ad Kvollde þess 3

Sept. hijngad ad Hoolum. Hloo þa ei vort kiæra Nordur-Land a moote, þvi hier geingu þa mestu Hardende, so Foolk deyde i þessu Stifte Hundrudum samañ i Hardriette, eñ Jarder løgdust allvijda i Eyde, so Ared 1757. doou hier innañ Stiftis mestañpart i Hungre 1102. Manneskiur, epter Prestaña Sooknar-Skijrslum sama Ar, fyrer utañ allañ þañ Fiolda, sem hrakteſt i adra Fiordunga Landsins, einkum Sudur og Vestur, og fiellu nidur sem Hrævide:, er ei vitum Tolu a. Skolans Hws-Halde og odru þar ad lvtande var ad vijsu i Fyrstunne af honum liett, og þad adgreindt fra þvi Biskupslega Embætte; Enn þar hann sa, ad vegna þeirra Bagenda, sem yfer hofdu geinged Hoola-Stifte, ad driwgara munde og gudrækilegum Stiftunum hagfelldara, ad eiñ hefde under Hendum allt Stoolsins Gotz (eins og ad Fornu verid hefur) enn tveir (sem skylldu þo hafa Kost og Laun af Stoolsins Jñtektum) þa took hañ Deconomatum ad sier uñ Hausted 1765. Eñ strax um Vored epter yfergieck mikeñ Part af Nordur-Lande þad mikla Sand-Fall fra Heklu, hvar af Hestar, Asaudur og jafnvel Naut-Peningur i Hwsum miste Lijfed, og vard til lijtella Nota: Skoñu þar epter fluttist hijngad sw skadlega Fiar-Pest, sem eydt hefur mestum Hlut Asaudar, og er enn ei upprætt, hverrar Verkan, einkum i Tillite til Biskups-Stoolsins, hvers Asaudar Kugyllde flest daud eru, ollum hier nalægum meiga vera peckianulegar. Eñ hvad giorde vor elskulege Biskup i ollu þessu? Haun took upp Prentverked, sem nockur Ar hasde hvijlt, liet ad nijn uppbyggia þess Hws, iñkeypte hvad epter añad nijañ Stijl, fyrer nockur Hundrud Rixdale, so þad er nu i betsta Stande, sem þad i langa Tijma vered hefur. Hvad þad avann, hvad iñkom af honum til Launa tilløgdu Jarda-Gotze og mikeñ Part af Fasta-Eign siñar elskulegu Frwr, liet hañ til þess ganga, ad Stoolnum, Skoolanum og pijs Corporibus yrdi vid Magt halldid, og tillagt þad hverium var anafnad, og þetta epter ytrustu Krøftum og Efnum. Fyrer hanns Tilhlutan og Frañkvæmd er þessi vor Doomkyrkia uppbigd; Mattti hañ sæta ynsra Mootmælum og Uppakostnade, medann þad Verk stoodyfer, sem varade uñ 6. Ar, so sem enn nu tilverande Skilrijke

kynnu

kynnu sanna. Doomkyrkiuna innvijgde hann þañ 20. Nov. 1763. med eftermiñilegre Rædu, og sama Dag vijgde hañ Sr. Jonas Benedictsson, til Capellans ad Stadar-Backa. Biskups-Stoolsins Hws hefur hañ ei all-fan lated ad niju uppbyggia eda endurbæta, eiñig sied til ad 3. Stoolsins Ut-Kyrkiur ad Falli kommar yrdu vel og vandlega uppbygdar, þad sama hafde hann og i Aforme med þar Fiordu, sem nærstlided Haust var nidur rifenn, enn hañ endtest ei til ad lata uppbyggia, einkum þar honum Ovidkomande Ordsaker i Vege stoodu. I sinne Yfer-Reid uñ Stifted og opt endrarnær, rak hann roggsamlega epter Uppfrædingu Ungdoomsins, og ad Presta-Gordum, Kyrkium og Kyrkiu-Gordum være vel vid Magt halded, og avann auk añars þetta, ad yfer 45. Kyrkiur i þessu litla Stifte eru fra Grundvelle, og flestar vel, bygdar.

I adurtiedu var hann ei einasta Forsiaall og Fylgis samur, helldur synde alla Arvekne i Guds Hwse. Þeim andlegrar Stiettar Monnum, sem hann var yfer skipadur, reyndest hañ sem goodur Fader. Med allre Astundan og Goodfyse stioornade hañ Skoolanum i Skalholltе uñ 9. Ar: Sijn Prests, Profasts og Biskups-Verk vandade hann jafnann, og foru þau honum Afar vel, þvi bæde var hann Malsniallur og Ord-rijkur, þar hian misg andrijkur og vidkvæmur. Strax þa hann var ordinn Biskup forsoomade hann ei ad tilkyña Konglegre Hatign, hversu Prestar þessa Stiftis væru i mikid aumu Tilstande, og avann þad, ad sa sannkallade GODDE Kongur FRIDRIK hiñ Fiinte jook Hundrad Rixdslum þeirra Tillag hin Fyrstu Arenn, og Ared 1757. var a Flugumijrar Presta-Moote wtbijtt, auk þeirrar veniulegu Olmusu, 700. Rd. Croner, til Hialpar þeim fatækustu Prestum og Beneficiis, hvar Kugillde hofdu einna hellst falled i þan yfergangande Hardendum. Efter hanns Underlage Arid 1760. fengu Prestar Rett til vissra Bvjarda i sijnum Sooknum, er þær ei adur hofdu, hvar uppa allranadugust Kongleg Tilskipan wt kom Are sijdar. Hann hafde sijfellda Uñsorgun fyrer Kiennidoomsins og Skolanna Gagne, hvad ed sijna hanns ymsar Forestillinger til vidkomande Collegia, Commissioner og har-

ra Herra utannlands epter þvi sem honum virdtest nærverande Tilstand og Fatækt Lands vors þola kynne. Fra þvi hann took vid Prentverkinu algiorlega 1764. hefur hañ latted pryckia miked goodar og gudrækilegar Bækur, latted þær arlega og med miklum Kostnade flytia i adra Landsins Fiordunga og mikenn Fiolda af þeim giefed Fatækum. Epter þad hann vard Biskup, hefur hann tilsett 7. Profasta, 1. Rectorem og 2. Con-rectores, vijgt og vijgia latted 52. Presta, og 22. Diakna sett til Klaustraña; I hañs Tijd hafa einig hiedann wtskrifast 89. Studentar, af hverium 44. eru nu þegar Prest-vijgder.

Hvad þess Sal. Herra eigeñ Personu anhrærer, þa var hañ ad Lijkamans Burdum og Asijnd hiñ frijdaste og fyrermañlegaste, skorte hañ og ei Einord, þa vidþurfte, ei helldur Kurteyse og allskonar Hæfersku. Hann var mildur ad Fe, Olmusu-giarn, Gestrisinn, Lijtellatur, Hreinlyndur, Hiartagoodur og fliotur til Hialpar þeim medþurftu og hanns Hialpar leitudu. Fyrer sijnum Gude var hann Audmiwkur, sijnum Yfirbodurum Hlijdeñ, sijnum Uddergiesnum Astrijkur, i Hwss-Stioorn Framsyñ og Radhollur þeim, er sooktu hañ Rada; I fann Ordum: Hann hafde fleyrst þad til ad bera, er goodann Hofdingia prijder. Af efra Hlut Æfi hans tooku mieg ad bila Kraptarner, einkum sookte ad honum Ostyrkur i þeirre hægre Hende, Sioon-depra, Footaveike og Heyrnardeyfa, so nu um nærstu 6. Ar hefur hann varla Noolfær vered, eñ nu uñ sijdurstu 3. Missere optast halded vid Rwmed, hafa so smaamsamann þverrad Kraptar hanns, einkum a þessum Vetre, ad hann varla hefur ivr Rwmi komist, þa þad hefur uppreidt vered. Loksins fengu farsælann Enda þess Sal. Herra Strijds Dagar, þa vorum godda Gude þocknadest ad burtkalla þennañ voru blessada Yfermañ, fyrer mikid hægt og saluhialplegt Andlat, fra þessu Armædu-fulla Lijfe til sijns himneska Dijrdar Rijkis þañ 8. Dag þessa Manadar under Noon, epter þad hann hafde Biskup vered nær 24 Ar., Prestur og Profastur a 9.da Ar, og Skolameistare 9. Vetur, og er Merkelegt, ad þesse vor Sal. Herra sookte umengeñ þesse Embætte

te sialfur; So DRotten hefur talad til hanns, vid slijkar Umbreitingar, fyrer sinn Smurda og hanns Villdarmen, alijkt og Josua fordum; Moses min Pienare er daudur — so statt nu upp — Josua, lijka sem eg var med Mose, so vil eg og vera med þier: Eg vil ecke yfirgiefa þig, og ecke forlaata þig. Item: Sem til Jeremiam; Þu skallt gaanga til alls þess, sem eg mun senda þig, og allt þad sem eg mun befala þier skalltu tala. Eg set þig a þessum Dege til ad uppryckia, til ad nidurbrioota, til ad eydeleggia, til ad fordiarfa, til ad byggia og planta: Jer. 1. Þeir munu strijda a moote þier, og ecki sa Makt yfir þier, þvi eg er med þier til ad frelsa þig: J øllu þessu hafa hans Hervopn vered kroptug fyrer Gud, til ad umturna Festingunum og nidurbrioota Asetninga og alla Hæd, sem sig upphefur moote Guds Þeckingu, 2. Cor. 10. Og hefur so, yfir Høfud, barest, og vel barest, Ja goodre Baraattu barest (sem Texten seger) þvi hefur Gud einnig, ad farsællega endudu øllu Strijde, (ipsa Beatæ virginis feriâ) farsælann jafnann og nu fullkomenn Sigur, hønum, sem Trwum Þioon, gefid i Christo. Og Gude sieu Þacker, sem þessum sijnum Fideli hefur þa Sigurenn gefid fyrer vorn DROTTenn JESum CHRJstum, AMEN.

Textans Utskijring.

ÞEIR sem a sijnum Tijma vilia verda Sigre hroosande i Himnenum, meiga fortakslaust vera strijdande hier a Jordunne; Þvi þar sem eckert Strijd er, þar er engenn Sigur, og þar sem engenn Sigur er, þar er engen Corona. Gud losade fordum Israel Canaans Lande, einu Lande sem flaut med Mioolk og Hunang, þo maattu þeir strijda þar fyrer. Allur Vegurenn fra Ægypto til Canaan, so lenge sem þeir ferdudust um Eydemørkuna, var eitt sijfelldt Strijd vid Amalechita, Moabita og ymsa Ovine. So eru þar ætijd

Um

Umskipte og Strijd i moote oss, Job. 10. v. 17. Og hver Dagur hefur sijna Piæning, Matth. 6. Gud hefur og so lofad oss Himnenum, thvi retta Canaan; Enn hun verdur ecke inntekenn, nema med Strijde: Himnarijke mæa lijda Ofureble; og their sem Ofurebled giora, munu hrema thad til sijn, Matth. 11. v. 12. Thar er Thræta medal Nætturu Spekinganna um thad, hvert Himenenn stande kyrr, og Jorden hræreft? Eda Jorden stande fost enn Himeninn gænge? Enn hvad um thad er; Hitt er alldeiles vijst, ad einn Rettchristenn, einn JEsu Strijdsmadur, hefur alldrei Frid eda Næde hier a Jordunne, so thar sie ecke utvortes Baræatta og innvortes Otte, 2. Cor. 7. v. 5. Er ecke ein Manneskia i Strijde a Jordunne? Og hanns Dagar sem eins Daglaunara? Job. 7. v. 1. Jæa, vorer Dagar eru Strijds-Dagar: Cap. 14. v. 14. Og thegar thetta vort Lijf er hvad allra Kostulegast, thæa er thad Piæning og Mæda, Psalm. 90. So vier mættum reikna oss vesælasta allra Manna, og hefdum fulla Ordsok ecke einasta ad bolva Dege vorrar Fædingar, helldur ollum vorum Æfistundum, ef thad være ecke Hroosuneñ, ad vier erum visser um, ad thott Strijded vare alla vora Daga, thæa er thó Utfalled i Sigurvegarans Hondum, so framt vier meigum segia med David: DRottenn kienner mijnum Hondum ad strijda; og enn framar: Thu hefur utbwed mig med Styrk til Strijdsens, Psalm. 18. v. 35. og 40. Thvi thæa er Strijded ecke a moote oss, helldur moote Gude, 2. Chron. 20. v. 15. Um thad er Paulus fullviss, hann veit ad hann berst, og hefur bareft goodre Baræattu, og thvi veit hann sier vijsa Coronuna, sem hann berst fyrer. Nu, Strijda skulum vier thæa, og thad var thad er eg giorde Ræad fyrer um ad tala, nefnelega:

1. Strijd og Baræatta Guds Barna i siælfu sier.

Eg hefi Bareft etc. seger Paulus: Thesse Ord talar hañ til Timotheum, sijns elskulega Sonar i Trwnne eins og hann nefner hann, 1. Tim. 1. 2. Og annars ydnglega, og eru thau so sem hanns sijdarsta Kvedia; Thæa hann hafde ad undannfornu i bædum sijnum Brefum, giefid honum margar ægiætar Lijfs Reglur, medal annara thessa: 1. Tim. 4. v. 12. Engenn Forsmæe thijna Æsku; Enn vertu eitt Epterdæme theirra Trwudu, i Ordenu, i Umgeingnenne, i Kiærleikanum, i Andanum, i Trwnne, i Skijrlijfinu. Enn med thvi hann visse ad soddann Lijfernes Reglur fæda Hatur og Foragt i thessum Heime, sem liggur i thvi hinn Vonda, og JEsus, af hverium vier eigum thær ad læra, sender ecke med soddann Lærdoome, Frid a Jordena, helldur Sverd, thvi hann er komenn sundur-thyckann ad giora Mannenn a moote Fodurnum, Dootturena i moote Moodurenne, og Sonar-Konuna i moote Moodur sijns Manns, og Mannsins Heima-Menn eru hanns Fiandmenn, Matth. 10.

So

So hier er engenn Fridar-Von, sem Dadvid einnig yfirkvartar: Þeir ed mier giøra Illt fyrer Gott, setia sig upp i moote mier af þvi eg fram̃fylge þvi hinu Gooda, Psalm. 38. Sa sem epter Holldenu er fæddur Offæker ætijd þann sem epter Andanum er fæddur, Gal. 4. v. 29. Med þvi nu Paulus visse þetta, sege eg, þvi aamiñer hann þenna sinn elskulega Læresvein so innelega og þraafalldlega. Þetta Bodord fæ eg þier minn Son Timothee, epter þeim undanngengnu Spaadoomum um̃ þig, ad þu beriest i þeim, goodre Baraattu, 1. Tim. 1. Item: um̃ber þad Vonda sem goodur Strijdsmadur JEsu Christi, 2. Tim. 2. Og enn aptur: Þol þad Vonda med Evangelio, epter Guds Krapte, Cap. 1. 8. med morgu fleyra; Og allra seinast framan vid vorn Texta: Vertu Arvakur i øllum Hlutum, þol hid Vonda, gior Verk eins Evangelista, fram̃kvæm þitt Embætte verduglega; Þvi eg verd nu Foornfærdur, og Tijme minnar Burtlausnar er nærre: Eg hefe goodre Baraattu barest: Og so fram̃veges. So hiartanlega aaminner Paulus þenna sinn elskulega Son, ad hann fram̃fylge sijnu Embætte, hvad sem þad kostar, hvert þad skal helldur gyllda Lijfid eda Daudann, blijdt eda strijdt, og upphvetur hann þar til med sijnu eigenn Dæme, hvert hann setur honum fyrer Siooner, ad hann skule hafa þad uppmaalad, og so sem lifande epter, fyrer Augunum, þott hann deye siaalfur, og leysest hier fraa, hvers hann meinte nu skam̃t yrde ad bijda, þar hann var nu uppaa nijtt staddur i Munne Leonsins, eins og han̄ kallar þad i þessum sama Cap. v. 17. Han̄ var Faangadur af Nerone, sem nu hafde þad ædsta Valld i Heimenum, þeim grim̃a Tyranna, sem Oskade þar være einn Haalsenn aa øllum Romverium, so hann kynne aflijfa þaa alla i einu, þo var hann hvad grim̃astur vid þaa Christnu, og sierdeiles þeirra Kiennendur. Hann liet kasta þeim fyrer Villudijr, og geck stundum siaalfur i Flockenn med, iklæddur Villudijrs Ham, til ad svala Grim̃d sinne. So var Paulus hier og so einn Spegell, uppaa soddann Guds undarlega Raadsmennsku og Medhøndlan aa sijnum Børnum; Hann lætur þau opt koma i þvilijkt Asigkomulag, ad þar siest engenn Hiaalpar Von, nema siaalfs Guds Osijneleg hulda Hiaalpar-Hond kome þar til, og rycke wt wr Neydenne: Vinum og Vandamønnum fallast Hondur, þeir geta eckert annad enn staded i krijng graatande og Adgiorda-lausir, eins og Agar, Gen. 21. v. 16. Hun gat ecke slockt Þorsta Barnsins, þo þad kostade þess Lijf. Þu hefur fært oss Neted, þu hefur lagt eina Þrwgan aa vorar Lendar, þu lietst Mennena gaanga yfir vor Høfud, vier erum komner i Elldenn og Vatned og wt þadann aptur til ad Endurnæraſt, Ps. 66. v. 11. 12. Guds Børn gieta ecke greidt sig siaalf wr Netenu, þau eru i soddann Þraung, ad þau gieta ecke hrært sig og ecke dreged Andann: Þau eru eins og Korned mille Mylnusteinanna, Jaarned mille Stedians og Hamarsins, eda Isaac mille Sverdsins og Bana-Saa sins, Gen. 22. Þar er ecke Footmaal aa mille þeirra og Daudans. Vid þvilijkt Strijd

eijd og Preyngingar var Paulus alvanur, þvi bender hann Timotheo til, ad umbera þad Vonda, epter sijnu Dæme.

Tær af þeirra Augum, og Daudeñ mun ecke vera framar, nie Sorg, nie Op, nie Pijna mun vera framar, þvi þeir fyrstu Hluter eru umlidner, Apoc. 21. 4. Þvi seger Paulus; eitt giore eg: Eg gleymme þeim Hlutum, sem til Baka eru, eñ keppest epter þeim sem eru i Fyrer, sæke efter Takmarkenu, efter Hnosse þeirrar Kallanar Guds sem þar uppe er, i Christo JEsu, Phil. 3. v. 17. Honum er mest hugad um þad framvegis: Lat þijn Augu lijta riett aframm (seger Salomon) og þijnar Augnabryr riett framm undan þier, yfervegadu Gaungu þijns Foots, og aller þijner Veger munu stadfestast, Prov. 4. 25. allt þad sem er til Baka, þad forgengur. Eñ hvad efter er, hvad framveges er, þad mun hid daudlega verda upp-svelgt af Lijfenu, 2. Cor. 5. 4. Þangad sem Menn vilia fara þangad snwa Menn Andlitenu. JEsus snere sinne Asiaan stadfastlega, ad ferdast til Jerusalem, Luc. 9. 51. Menn vilia koma til Zions Fialls, til Borgar Guds lifanda, til þeirrar himneskv Jerusalem, Ebr. 12. 22. og er engum ad hugsa ad komast þangad aftur a Bak, eins og Sem og Japhet gengu inn i Tiallded, Gen. 9. 22. Israelis Syner hvurfu aftur i sijnum Hiortum til Egyptalands, Act. 7. 39. og komu so alldrei inn i Canaansland, helldur doou nidur i Eydemsrkunne: minnest þier a Konu Loths, sagde JEsus, Luc. 17. 32. hun leit aftur til Sodoma, og vard ad einum Salt-Stolpa, Gen. 19. so sem æfenlegt Miñes-Teikn, um heñar Synd: enn Guds Born horfa framm i Vegenn, til þess Rijkes, sem DRotteñ hefur gefed æfenlega, med einum Sallt-Sattmala, eins og David Israels Rijke, 2. Chron. 13. 5. Þvi þad er audsied, ad sa sem er einusinne vtgengeñ, af þeirre andlegu Egypto og Sodoma, og leggur sijna Hond a Ploogenn, og lijtur til baka, hañ er ecke hæfur til Guds Rijkes, Luc. 9. Einn JEsu Strijdsmadur, skal ganga riett afram og ecke lijta til baka, til neins þess, sem yndællt sijnest i Heiminum: Hañ sier til baka, sijna Lucku og Velgengne, ef so ma kallast, sijna Audlegd, Vine og Frændur, enn lijtur ecke efter þvi; helldur lætur Heimenn fara, Ja, fara sinn Veg, þar þessa Heims Mind forgengur, Heimureñ forgengur og hanns Gyrnd. Þvi lijtur hañ a þad sem framveges er fyrer Hende, sem Gud hefur tilbwed þeim sem hañ elska; þad veit hañ sier vist, þad er honum geymt, og Afsijdes lagt, so hañ ma ganga ad þvi vijsu, þvi þad er sett þar, so sem einn vijs Ohræranlegur Hlutur, eins og Steinkereñ i Cana. Þvi Rijked er Ohræranlegt, so hann hleypur ecke uppa þad Ovissa, og slæst ecke, so sem sa er i Vindeñ slær, 1. Cor. 9. og er hier þa ad athuga 1. Hvad þad er sem hañ a vijst 2. Med hverium Hætte hañ mun þad odlast. 3. Af hverium. 4. Hvenær og 5. Hverium þad tilfellur.

1. Er ein Krona, sem honum er geymd, og afsijdes lagd. Postuleñ dregur vissulega þenna Talshætt af Sidveniu þeirra gomlu, er plogudu ad giefa ymislegar Kronur, sem hofdu giort einhver sierleg Afreks Verk, Þar voru Sigurhross Kronur, Wedhlaups Kronur, Mwranna Kronur, eda Kransar, handa þeim sem fyrst inn-

tooku

tooku, eda komust uppa Ovinaña Mwra, med morgum fleyre. Sumar voru af Laurberium, sumar ad Oliugreinum, sumar af adskilianlegum Bloomstrum, og odru fleyra; Eñ engeñ af þeim feckst fyrer wtan Strijd og Sigur, eda einhver sierleg Mañdooms Verk, eda Prekvirke. Þessar Koronur kunna nu ad tilfalla Overdugum; so sia um vier eiñ koronadañ Uxa i Lystris, Act. 17. 13. og Johañes sa Grashoppur, er hafa Koronur, lijka sem Gull, Apoc. 9. 7. Eñ Gud gaer vel ad þvi, hvern hann koronar, þvi þar verdur engeñ koronadur nema hann strijde loglega, 2. Tim. 2. 5. og so seger DRotteñ til Zion, þad er, allra sinna Barna; Þu munt vera ein prijdeleg Korona i Hende DRottens, og eiñ Konunglegur Hattur i Hende þijns Guds, Es. 62. 3. DRotteñ er sialfur ein fogur Korona, og veglegt Hofudband fyrer sitt Folk, Es. 28. 5. Koronur voru annars fyrer tvennslags Persoonur, Konga og Sigurvegara. Þad minner oss a, ad DRotteñ upphefur sijn Born til Konunglegs Verdugleika, JEsus giorer þau til Konga og Presta, fyrer Gude Fodur sijnum, Apoc. 1. Sa ypparste Prestur Gamla Testamentesins, var prijddur med einu Hofud-Klæde, sem nefnest sw H. Korona, Exod. 29. 6. med þeirre Gullspaung, hvar a stood skrifad: DRotteñs Heilagleike, Cap. 39. 30. so Guds Folk var eitt Prestslegt Kongs-Rijke, eitt heilagt Folk, Ex. 19. 6. Eñ uñ þa Christnu i N. T. seger Petur: þier erud sw votvallda Kynslood, Konunglegur Prests-Skapur, sw heilaga Piood, Folk Eigendoomsins, ad þier skulud kunngiora hañs Digder, sem kallade ydur fra Myrkrunum til sijns dasamlega Liooss, 1. Pet. 2. 9. so hver eiñ riettrwadur, hver einn JEsu Strijdsmadur, er þa einn Konunglegur Prestur og Prestslegur Kongur. Hier af sia um vier, ad med þvi DRotteñ hefur so nakvæmlega samañ-klwsad þetta tweñt i einne Persoonu: þa ma þad vera eitt hrædelegt Diofulsins Verk i Christendoomenum, þegar Kongs Valded og Kiennevallded samþydest ecke hvert annad, giorande so Lijkaman Christi lijkañ þvi Skrijmsle, sem uppkom af Hafenu, med 7. Hofdum, Apoc. 13. 1. sem alldrei komast i einn Hatteñ, verda alldrei samlynd. Og lijka sem Hafed er Oroolegt, so upp stijga þar vr Mañanna Oroolegu Þaunkum, skadlegar Nyungar og Oreglur, hia sijnum med hverium Hætte: allt af Kappe og Hiegooma Dijrd, sem nidurbrytur Guds Dijrd. Af soddañ aumkunarlegu Tilstande hefur komed, og kiemur enn i Dag, oll Olucka, sem fordiarfar vorn Christendoom. Þvi bidur Paulus so hiartanlega sijna Philippenses. Sie þar nockur Amiñing hia ydur i Christo, sie þar nockur Huagun Kiærleikans, sie þar nockur Sameining Andans; sie þar nockur hiartanlegur Kiærleike og Myskunsemder; þa uppfyllid minn Fognud, so ad þier sieud samhuga, hafande hiñ sama Kiærleika, sieud samlynder og eins Sinnes, giorande eckert af Kappe, eda Hiegooma Dijrd, helldur med Lijtelæte, halldande hver añañ ædre enn sig sialfan. Virded ecke sierhver sijna eigenn Hlute, helldur hver og einn, þa sem añara eru, Phil. 2. 1. seq. O hvad naudsynlegt

er

er þad þar ad Menn sieu samhuga i þvi ad giora alla Hlute til Guds Dijrdar, og ad strijda fyrer Hnossenu, þad er þo alldrei minna verdt enn eitt Kongs Rijke, þad synest Koronan, annars hefde heñe ecke vered lofad. Hver sar sem JEsus virder þess ad reikna hann a medal sinna hinna minstu, hann hefur meira ad vænta, enn þott hann yrde Einvalldz Kongur yfer ollum Heimenum, þvi hvad stodar þad Manneñ, þo hann eignest allann Heimenn, enn lijde Topun Saalar sinnar, Matth. 16. Þad er ydar Fodur þocknanlegt ad giefa ydur Rijked, Luc. 12. 32. þeir fa Dijrdlegt Rijke, og dælega Koronu af Hende DRottens, Sap. 5. 17. Einum Sigurvegara heyrer og so Koronan til, þeim sem hlupu a Skeidinu, skylmdust, eda sloou Opinina. Engenn sem strijder flæker sig i þessa Heims Syslunum, ad hann þocknest honum, sem hann wtvalde i Strijded; Og ef nockur strijder, verdur hann þo ecke koronadur, nema hann strijde loglega, 2. Tim. 2. 4. 5. og vinne Sigur i Christo, 2. Cor. 2. 14. yfer Heimenum, 1. Joh. 5. 4. Alijtum þvi framar Koronuna, helldur enn Strijded og Baraattuna, þvi þad er ei verdt þeirrar Dyrdar sem mun verda opinnber vid oss. Gud koronar ad sonnu sijn Born hier i Heime: Hærurnar eru ein Korona, og þær munu finnast a Riettvijsennar Vege, Prov. 16. Barna Bornenn ein Korona, Cap. 17. Good Eginn Kvinna er ein Korona, Cap. 12. Vijsdoomurenn ein Korona, Cap. 14. Gooder Tilheyrendur ein Korona, 1. Thess. 2. Gott Nafn og Rikte, Job. 31. Og Nadarennar Korona Ps. 5. og hun er sw allra besta hier a Jordunne, hinar vara stundum ecke alltijd, Prov. 27. Enn sw Korona sem yfertekur allar, er oss geymd i Himninum, nefnileg Riettlætisins Korona, sem er og hefur i sier Koronu Lijfsins, Jac. 1. og Koronu Dyrdarennar, Psal. 8. 6. hun fellur alldrei af; Þvi þad er Oforgeingeleg, Oflecktid og Ovisnannleg Arfleifd a Himnum, 1. Pet. 1. 4. Hun er ecke samsett af þeim Bloomstrum sem kunna ad visna, þvi hier er þad Bloomstred af Saron, Cant. 2. þad er JEsus Christur sialfur, sem er Jehova vort Riettlæte, Jer. 23. Oll þau Guds Fyrerheit, sem eru til, eru Ja og Amen i honum, og þau skulu þa skijna fullkomlega a þeim Riettlætu. Og so sem ein Korona umkrijnger Hofuded, bak og fyrer og a bædar Sijdur, so skal eckert vanta i þvi eilijfa Lijfe, þvi sa sem vinnur skal erfa alla Hlute, Apoc. 21. 7. þad er sialfan Gud, sem mun vera þeim allt i ollu. Efter sijna Pijnu var JEsus koronadur med Dijrd og Heidre, Ebr. 2. 9. Hann var siedur af Johanne med morgum Koronum, a sijnu Hofde, Apoc. 19. 12. Þar eru margar Vistarverur, margfolld Dijrd, hann hefur noogu margar Koronur handa sijnum Riettlætum, þa þeir skulu medtaka fullkomlega af hanns Fyllingu Nad fyrer Nad, þa þeir skulu vera hia honum þar sem hann er, og sia þa Dijrd sem Fadirinn hefur giefed honum, Joh. 17. Sw Kona, sem Johannes sa i sijnum Opinberunum, Apoc. 12. (þad er ad Osynilega Christne) hafde Koronu af 12. Stiornum, (þad er Lærdoomur Lærra 12. Postula, sem er Ko-

rona þeirra Riettlætu hier i Lijfe, med því þeir framgaanga efter þessare Reglu, Gal. 6. 16. Enn þa koronast þeir med ollu því gooda, er Evangelium heiter og lofar þeim, sem Gud elska, hvad ecke hefur Auga sied og ecki Eyra heyrt, og ecki hefur i nockurs Manns Hug eda Hiarta uppstijged, 1. Cor. 2. 9. Og so sem Koronann er eiñ Hrijngur, sem ei hefur Upphaf nie Enda, so skal þar vera eilijf Glede yfer þeirra Hofdum, Es. 35. 10. Þessare Koronu fylger nu einginn Mæda, eins og þeim Jardneskum, sem opt eru so þungar, ad þær ordsaka Hofudverk, jaa, eru Obærilegar sem Hanons, er vog eitt Centener, 2. Sam. 12. 30. Þar til Andstreyme margfalldlegt, so einhver hefur nockru sinne sagt; Ad engenn munde virda eina Koronu þess, ad taka hana upp af Jordunne, ef hann adgiætte hvada Umsorgun henne fylgde: Enn þesse himneska Korona er fyrer utann alla Armædu, og Þvijngunar Þijngsle. Jardneskum Koronum fylger opt Ósund. Sonurenn mis-ann Fodurnum Veldis-Spijrunnar. 2. Sam. 12. Enn þar mun enginn osunda annañ, helldur gledst hver yfer og i annars Koronu, sem mun vidvara, og þad þo oll Einvalds Rijke take Enda, Dan. 2. Salomon liet fordum setia tvo Stoolpa af Kopar i Musterisins Forgarde, og sijna Koronu a hvern þeirra 5. Alna haasa, 1. Reg. 7. Enn hvad mun skie þa, sem eru lifandi Maattar-Trie, og sem Stoolpar, Gal. 2. 9. Jaa, enn meira, Jarn-Stoolpar, Jer. 2. 18. i Guds Hwse? og nidurbrioota Baals-Stoolpa, 2. Reg. 3. 2. hafa riettlætt marga, vijsad morgum Veg Riettlætisins, so þeir riettlætter af Trwnne, Rom. 3 28. hafa riettlætt Gud, Hversu munu þeir (sege eg) skijna sem Stiornur eilijflega og alltijd? Dan. 12. 3. Þeir hafa vered sem Stiarnann, er vijsade Vitringunum til Christum, Matth. 2. So hafa þeir vijsad Monnunum Veg, med því osluga Spaadooms Orde, so sem einu Lioose i myrkvum Stad, þar til Dagurenn liomade og Morgun-Stiarnann upprann i þeirra Hiortum, 2. Pet. 1. 19. Því mun þeirra Dijrdar og Riettlætis Korona verda so hrein og klaar, ad Tungled maa skamast sijn og Soolenn blygdast, því DRotteñ Zebaoth mun rijkia a Zions Fialle og i Jerusalem, og fyrer hans Olldungum mun vera Dijrdenn, Es. 24. 23. Þetta geingur framñ yfer allann Stiarnanna Hatt, sem þar stendur umñ Spekina, Sap. 7. 29. því Borgenn hefur ei Þorf Soolar nie Tungls, því DRottins Dijrd uppliosmar hana, og Lambed er hennar Liods, Apoc. 21. 23. eilijflega og alltijd; ecki sem Lopt-Glæringar, sem bregda fyrer umñ Augnablik, ecke sem Morgun-Stiarnann, sem nidurfiell af Himne, Es. 14. 12. eda þær sem Drekinn droo i sijnum Hala, og kastade a Jordina, Apoc. 12. 4. Ney, DRottinn vill vera þeirra Liods eilijflega, Es. 60. 19. Þad sem laangt er, þad er þo ecki eilijft; Enn þad sem eilijft er, þad er laangt. Þad sem varer fraa einne Kynslood til annarar, Ps. 49. 12. er vel laangt: Enn þad himneska alleinasta varer eilijflega. Saa Riettlaate er einn eilijfur Grundvollur, Prov. 10. 25. Arfur þeirra Froomu mun vara eilijflega, Psalm. 37. 18. Hier maa þa gle-

dia

dia sig bæde sæa sem sæer, og sæa sem uppskier, Joh. 4. 3. þvi sæa sem sæer i Andanum, mun af Andanum uppskiera eilijft Lijf, Gal. 6. 8. hvar fyrer þeir 24. Øldungar æa Himnum, sem høfdu Gull-Koronur æa sijnum Høfdum, kostudu þeim nidur fyrer Stoolnum og søgdu: Þu ert verdugur ad medtaka Heidurenn og Prijseñ og Kraptenn, Apoc. 4. 11. Þvi þeir vita, ad þad er þeim

2. Giefed: mun giefa mier, seger Paulus. Þad eilijfa Lijf, Lijfsins, Rettlætisins: og Dijrdarennar Korona er oss fyrerheitenn hier i Lijfe; Enn þa skal hun giefast til fulls. Mørgu verdur lofad hier i Heime, enn þad giefst ecke alltijd. Saul lofade David sinne Dottur, enn hun var giefenn einum ødrum, 1. Sam. 18. 17. Jakob var lofad Rachel, enn giefenn Lea, Gen. 39. 19. Þar æa moot, þad sem Gud lofar, þad vill og gietur hann giefed, Gud hefur giefed oss eilijft Lijf, og þetta Lijf er i hañs Syne, 1. Joh. 5. 11. Þad er ein Giøf, þvi vier syndgum daglegg og forþienum eckert annad enn Straff, so ef Gud villde segia vid oss: Tak hvad þitt er; Þa er þad eckert annad enn Syndenn og Syndarennar Verdlaun, sem er Daudenn, so þetta er þa ein Nædar-Giøf fyrer utann alla vora Forþienustu; Enn hvør er, nu so ørlætur og milldur Giafare? Þad seger Postulenn þessu nærst,

3. DRottenn, sæa rettlæte Doomare. DRottenn JEsus Christur sæa eingietne Sonur Fødursens. Faderenn dæmer eingann, helldur hefur hann giefid Synenum Magt ad hallda Doom, Joh. 5. Hann er sæa eine Madur tilsettur, ad dæma alla Jardarkrijngluna med Riettvijse, Act. 17. Hann mun opennberast af Himne med Englum sijns Kraptar, Hefnd ad veita þeim sem ecke þeckia Gud, 2. Thess. 1. 8. Ad hver einn ødlest epter þvi sem hann hefur adhafst i Lijkamans Lijfe, 2. Cor. 5. Hier siest þad fyrer Alvøru, ad Guds Veger eru ecke eins og Mannanna Veger, og hanns Þænkar ecke sem Mannanna Þænkar, Es. 55. Þetta er fram̃yfir allt hvad vier kunnum ad skynia. Og hvad skal þo einn sterkur Vandlætare gefa þeim Seka, einn rettlætur Doomare þeim Ræanglæta? Seger þo ecke Guds stræanga Løgmæal: Hver Sæal sem Syndgar hun skal deya, Ezech. 18. Og þar er Angist og Þreynging yfir hvers Manns Sæal, sem giører hid Vonda, Rom. 2. Þott þann vilie læta af Syndenne, sem þo alldrei skiedur af siælfs Ramleik, þvi Syndarinn megnar ecke ad hugsa nockud Gott af sier siælfum, enn þott so være, þott hann græti Syndena, hvad sem hann vill tilgiøra; Þad stræanga Guds Løgmæal seger øllum jafnt, fyrer utann alla Vægd: Bølfadur sie sæa sem ecke helldur øll Ordenn i þessu Løgmæale, ad giøra þar epter, og allt Foolked skal segia Amen! Devt. 27. 26. Mannanna Løg giøra allt hid sama; Þott Saka-Skiepnann stande fram̃e fyrer Doomaranum Græatande, jæa, þott Aumingenn giæte wthellt heilu Siæafar-Hafi af Tærum, lofa Boot og Betran, og giøra alldrei optar; Rettureñ er allur hinn same, epter hønum kann Doomarenn Omøgulega ødru ad svara, enn

 þessu

þessu: Ney þar er eingen Vægd, og eckert Undannfære, þu hlijtur ad straffast fortakslaust, þar til þu hefur borgad þinn sijdarsta Pening: Og so er þad epter øllum Løgum. O! Hversu Ometannleg og Dæmalaus Nad mæ þad þæ vera, sem yfirgeingur allann Skylning? Ad sæ riettlæte Doomare, midt i Openberan sijns Rettdæmes, Rom. 2.5. Giefur Rettlæted þvert æ moote øllum Løgum og Rette. Þetta er sæ stoore Leyndardoomur Gudhrædslunnar, 1. Tim. 3.16. Og vissulega sæ i hvern Englarner gyrnast ad innskygnast, 1. Pet. 1. Og aller Utvallder skulu forundra sig yfir, um̃ alla Eilijfd, ad þvilijk Nad skule gefast einum Syndara, jafnvel þott hann sie Ydrande og Trwande, hvad hann verdur þo alldrei, nema Fadereun drage hann. Enn hvar af mun soddañ koma? Gænged til Josephs, sagde Pharao, til þeirra sem bædu hann um̃ Braud, þegar þar var hverge Biørg ad sæ i Hwngurs Neydenne, Gen. 41 So mæ hier og segia vid alla þæ sem vilia nioota soddann Nædar, ad Rettlætast Rænglæter. Gænged til JEsum; hann er sæ, hverium vier høfum ad þacka þessa Dæmalausa Nad; Hann er ydur af Gude giørdur til Riettlætes, 1. Cor. 1. Hann er vort Rettlæte, og hefur Uppfyllt allt Rettlæte, Matth. 3. Med sinne fullkomnu Hlijdne, i hverre Faderenn hefur sijna Velþocknan, so JEsus er Ender Løgmælsens til Rettlætes sierhverium sem trwer, Rom. 10. Hann skeinker oss siitt Rettlæte, sijna fullkomnu Hlijdne, og lætur uppkoma eilijft Rettlæte, Dan. 9. v. 24. Færer oss i Kæpu Riettlætesins, Es. 61. 10. Og Rettlæter þann Rænglæta Oforskulldad: So þegar Guds Nædar Himen, i hverium Rettlæted bygger, var oss til-luktur, og vier stoodum i þvi stakasta Ofbode Sælar og Lijfs, þæ sundursleit hann Himnana, og i gegnum þañ sundurslitna Himen, liet þessa Nædar Basunn hliooma, i Eyrum allra Ydrande Syndara, ad Nædenn er þeim giefinn i Christo fyrer eiljfar Tijder, 2. Tim. 1. Og af Nad erud þier hoolpner ordner fyrer Trwna, og þad ecke af ydur, Guds Gæfa er þad, ecke af Verkunum, uppæ þad engenn hroose sier. So eru þeir Trwudu Guds Rettlæte i hønum Christo JEsu, 2. Cor. 5.21. Hvad skal David framar segia vid þig? (sagde sæ Guds Madur, þegar hann fieck Fyrerheit um̃ Messiam, og fann sig Liemegna til ad þacka DRottne, og audmijkia sig fyrer hønum sem verdugt var) þvi þu þeckter þinn Þenara, seger hann; Hvad skulum vier hier um̃ tala? Hann þeckte oss, hañ sæ vora Eymd, og komst vid af Medaumkan. Þegar Drottningenn af Saba, sæ Hwss- og Bord-Prijde Salomonis, þæ var þar ecke framar Ande i henne, 2. Reg. 10. 5. Þegar henne fiellust Hendur af Forundran. Hvada Ande, eda Andakraptur, skyllde þar vera i oss, til ad wtsegia soddann Dædsemd? Hvar til ecke munu duga Owtsegiannleg Ord um̃ alla Owtsegiañlega Eilijfd. Hvad skulum vier þæ segia annad enn med Þacklætes og Audmijktarfullre Forundran upphroopa med Postulanum og segia: O! Dypt Audæfanna, bæde Speke og Þeckingar

ingar Guds! Hversu Orannsakannleger eru hanns Doomar, og Uppfetannleger hanns Veger? Eda hver hefur þeckt Sinne DRottens? Eda hver hefur hanns Rædgiafe verid? Nu, hvad stoor Dædsemd sem þetta er, þar bæter þad þo stoorum þar vid, nær vier adgiætum:

4. Hvenær þetta skijn og hrijn ad Guds Bornum til fulls, sem er: Ad þeim Degenum, sem Postulenn eptertakannlega seger; Hvert hann meinar sinn Dauda-Dag, eda þann sijdarsta Doomsins Dag, mæa vera allt hid sama, þvi hvers eins Dauda-Dagur, maa reiknast hanns Dooms Dagur; þvi nær eitt Tre fellur, moot Sudre eda moot Nordre, ad hvern hellst Stad Tred fellur, þar mun þad vera, Eccl. 11. v. 3. Hvad loksens til fulls Openberast ad Dege Doomsins: Þad er sia stoore og hrædelege Dagur DRottenns. Sia Dagurenn sem mun brenna sem Ofnenn; Þa aller Stollter, og þeir sem giora Ogudlegleikann, skulu vera Stræa, og sia Dagur sem kiemur, skal Fortæra þeim, seger sia DRottenn Zebaoth, Malach. 4. 1. Þad er sia Dagur, ad hverium Himnarner munu med Stoorum Brestum forgaanga, og Elementen af Hita brædna, og Jordenn, og þau Verk sem þar eru inne, uppbrenna, 2. Pet. 3. 10. Ja, Dagur Fordiorfunar Ogudlegra Mana, ibid. v. 7. ad hverium Konungar Jardarennar, og hiner Rijku, og Stoor-Hofdingiar, og Hofuds Mennerner yfir Þusund, og þeir Volldugu, og hver Þræll og Frelsinge, munu fela sig i Holum og Klettum Fiallanna, og segia til Klettanna og Fiallanna: Falled yfir ofs, og hylied ofs fyrer Auglite þess sem ad Stoolnum situr, og fyrer Reide Lambsins, þvi ad sia mikle Dagur hanns Reide er komenn, og hver fær stadest? Apoc. 6. 15. 16. Sannlega maa hier segia, ad þar er eingenn Dagur þessum lijkur, Jos. 10. Enn þa mun sia Riettlæte (ad þessum Ognarlega Dege) standa med stoore Hugar-Hreyste, i gegn þeim sem honum Þreyngdu, og einkis virdtu hanns Erfide, Sap. 5. Þa munu þeir Rettlætu lijta upp, og upphefia sijn Hofud, þvi þeirra Endurlausn er nælæg. Og meiga glader syngia med David: Þesse er Dagurenn sem DRottenn giorde, lætum ofs kiætast og glediast ad honum, Ps. 118. v. 24. Þa verda til fulls tekenn frea Josua hanns saurugu Klæde, og aptur færdur i Helgedags Klæde, Zach. 3. Aller Trwader og Trver JEsu Strijdsmenn, munu iklædast, hreinu skijnande dijrmætu Lijne, enn þad dijrmæta Lijn eru Rettlætingar Heilagra, Apoc. 19. Þesse Ord eru sonn og viss, Cap. 21. 5. Og uñ þad er Paulus viss, og gledur sig i þessare Von, þegar Von hinns Ogudlega, er eins og þess, sem uppgiefur Andann, þa lisir hanns Von þo Hiartad deye. Þad gefur hann:

5. Til kynna med þessu litla Orde; Mier; mun gieta mier, seger hann: Adur hafde hann sierdeilislega audmykt sig, kallad og calited sig þann allra minnsta ad medal allra Heilagra, Eph. 3. 8. Minnstañ Postulanna, 1. Cor. 15. 9. Þann allra

stærsta Syndara, 1. Tim. 1. 15. Enn nu er hann viss um̃, ad þar sem Syndenn var framar þeckt, þar mune Nadeñ verda eñ framar þeckt, og ad sa sem vidurkienner Syndena skal hlioota Myskun, Prov. 28. 23. Ef vier vidurkiennum Syndena, seger Johannes, þa er Gud trwr og riettlætur og fyrergiefur Syndena og frelsar af øllu Oriettlæte, 1. Joh. 1. 9. Jeg vil medkienna mijna Yfertrodslu fyrer DRottne, og þu, þu fyrergafst mier Vondsku minnar Syndar, Ps. 32. 5. og Paulus seger: Eg veit hverium eg hefe trwad, og er fullviss, ad þad sem eg hefe honum a Hendur faled, er hann mattugur ad vardveita til þess Dags, 2. Tim. 1. 12. Eins Job: Eg veit ad miñ Endurlausnare lifer, etc. Job. 19. 25. Þetta, Eg og mier, er hia þessum Guds Hetium so sem Munnur Trwarinnar, med hverium þeir wtsiwga af Guds Myskunar Ydrum og Hiarta þann Sætleika, sem giorer alla Beiskiu sæta midt i øllum Hormungum, so þeir eru jafnann glader og Frijgedia i sialfum Daudanum og giegnum hann, so þeir smacka hvad sætur ad DRottenn er, og ef Smeckurenn er so sterkur, hvad mun þa Sadningen verda, nær þeir uppvakna epter Guds Mynd? Sia Gud so sem hann er, og þeckia so sem þeir eru þeckter: Enn uppa þad einn Syndare, sem hefur eitt angraadt og vidkvæmt Hiarta, vegna Syndanna, og sijns eiginn Overdugleika, hafe ei Ordsøk til nockrar Ørvæntingar, edur ad þeynkia, Hvad er mier þad, þo þesser Guds Kappar, Paulus, David, Job, og þeirra lijkar hafa vered so fullvisser og yferbevijsader um̃ Guds Naad og Myskun, i Lijfenu og epter Lijfed? Hvad er mier þad? Eg er ecke þeirra Lijke; Eg hefe meir syndgad enn þeir; Þar til ecke giørt so alvarlega Ydran sem þeir: Þessum til Huggunar, sege ea, bæter Postulenn þessu vid: Ecke alleinasta mier, helldur øllum. Hann sem gaf sig til Endurlausnar-Betalings fyrer alla, vill ad aller Menn verde saluhoolpner, 1. Tim. 2. 4. 6. Hann vill ecke nockur tapest, 2. Pet. 3. 9. Þetta er hanns Myskunar Vilie: Munda eg hafa Þocknan a Dauda hins Ogudlega? Seger sa DRottenn DRottenn, og ecke miklu framar, ad hann um̃vende sier fra sijnum vonda Vege, ad hann mege lifa? Ezech. 18. 2. Hvad huggunarsamlegt er þad fyrer þa Veiktrwudu, enn þoo Riett-trwudu! Gud elskade so Heiminn, ad hann wtgaf sinn eingietinn Son, ad aller þeir sem a hann trwa fyrerfarest ecke, helldur hafe eilijft Lijf. Þad er hañs Riettlætis Vilie: Til hvers og Postuleñ hier bender, so eingenn skule misbrwka og syndga uppa Naadina, eda blijfa i Syndenne so Naadenn yfergnæfe. Þvi bodar hann Naadar-Giøfina, ad sønnu øllum, enn sier i Lage þeim, sem hafa elskad hañs Opinberan, þeim sem trwa; Ecke þeim sem elska meir Myrkred enn Lioosed, helldur þeim sem giøra Sannleikann og koma til Lioossins, ad þeirra Verk verde opiñber, Joh. 3. 21. Ecki þeim sem segia, Gud seinke Fyrerheitunum, og spyria: Hvar er Fyrerheited hanns Tilkomu? 2. Pet. 3. 4. Helldur þeim sem bijda med Epterþreyaing alla sijna Strijds-Daga, þar til þeirra Um̃skipte verda, og stynia sialfer i sialfum

sier

sier, i þvi þeir vænta sonarlegrar Utvalningar, Lausnar sijns Lijkama, þvi þeir eru hoolpner i Vonenne, Rom. 8. 23. Ollum þvilijkum jafnar hann samann vid sialfann sig, sem þeim, er hafe ad vænta somu Kiora. Ef Gud er med oss, hver kann þa ad vera a moote oss? Ecki einasta mier helldur oss, oss ollum, sem a JEsum Christum trwum, og hofum ecke sijdur enn hver onnur Skiepna a hyggiusamlega Esterbid, epter Openberan Guds Barna. Þegar Christur, þeirra Lijf opinnberast, þa munu þeir og med honum opinberast i Dijrdinne. Þar þeir voru adur dauder (Heiminum) og þeirra Lijf foolged med Christo i Gude, Col. 3. 34. Þvi seger Petur; þier sem af Magt Guds verded vardveitter fyrer Trwna, til Saaluhialpar, sem tilbwner til ad opinnberast a þeim sijdarsta Tijma, a hverium þier gledied ydur, þier sem um litla Stund, ef so a ad sonnu ad vera, erud hryggver i ymislegum Freistingum, so Reynsla ydar Trwar, sem er miklu dijrmætare, enn þad forgeingilega Gull, sem þo fyrer Eldinn reynist, finnest til Lofs og Heidurs og Dijrdar, i Opinberan JEsu Christi, 1. Pet. 1. 5. 6. 7. Soddann Dijrdar Opinberan elska aller þeir, sem hafa Vitnisburd H. Anda um þad þeir sieu Guds Born, Rom. 8. 16. Efter þvi sækia þeir medann þeir lifa, og eiga þad so vijst nær þeir deya, þa fa þeir þad allt i Hendurnar, sem þeir hafa vonad og trwad, þa opinberast þeim þad þeir hafa elskad, og þa fullkomnast Elskann a þvi, sem þeim er opinnberad, og þa Hofdinge Hyrdaranna opinberast, munu þeir wr Bijtum bera þann Ovisnannlega Dijrdarinnar Krans og Koronu, 1. Pet. 5. 4. hveria nu hefur og wr Bijtum bored vor alltijd elskade hasæle Herra Biskup Gisle Magnusson, þad er honum nu allt opinberad, sem ecke hefur Auga sied, Gud hefur honum þad opinberad, hann forsoomade ecke ad opinnbera oss allt Guds Rad, nu er hann opinnberadur med Christo i Dijrdinne, og so geinginn i giegnum fra Daudanum til Lijfsins Hann er ecke daudur, sem sagt er, Ney! Gud hefur leidt hann yfer um Daudann, eins og Israel, yferum, og i giegnum þad rauda Haf. Hann er alleinasta tekenn fra oss um Stundar Saker, so vier odlunst hann aptur eilijflega, Phil. v. 13. Og so sem hann bardest trwlega, so hefur Gud, sem han kallade, reynst honum trwr og giefed allre hanns Baraattu þann Enda, ad han fieck stadest. Hann var Fidelis, Tryggve, Trauste, og Trausta-Bialke, hier hia oss i Guds Hwse: Mun þetta Maattar-Trie vera broted? Ney, þad heyrdest so, enn var alleinasta Trausta-Brestur, midt i þvi hann giordest sa Stoolpe, sem alldrei mun framar wtgaanga, Apoc. 3. 12. þar sem Gud sialfur og Lambed eru Mustered, Cap. 21. 22. Er vor Tryggve daudur? Ney, þad synist so: Enn þar er miklu riettara sagt, hann yfervann Daudann, þvi i sinne Baraattu vid hann, kyppti hann Stoolpunum undan ollum Hijbylum allra sina Ovina, so þeir daudu voru miku fleyre, sem hu drap þa han doo, en þa hu drap i sijnu Lijfe eins og Samson, Judic. 16. Og nu ma i Sanleika segia: Þeir eru aller dauder, sem leitudu epter Lijfe Barnsins, Matth. 2. 20.

Þvi i

Þvi i hñs sijdurstu Baraattu, draapust Synden og Dauden og allur þeirra Her: Ja Daudenn og Helvijte, fooru þa lokslins fullkomlega til Helvijtis og kostuduſt i Dyki Elldsins, Apoc. 20. 14. Hann einn beheldur Sigrenum og Koronunne. Alt hvad teiknast kann med Daudans Nafne, er daudt i þessum Bardaga. Daude goods Nafns og Nyktes, sem margur vilde hier Kviksætia. Daude Gledenn-ar, þvi Sorg og Andvarpan eru daudar, Es. 35. 10. Daude Heilbrigdennar, hafe D. Rotten sijnst ad vilia slaa hañ i Hel, þad er nu framar eckert Hogg ad Ottast af hanns Hende. Þad er alle yfirunned. O hvad sætum Sigre hefur hann nu ad hroosa! Lijted þar fyrer til hanns sem talade til ydar Guds Ord, hvers Umgeingnes Endalykt, nær þier horfid af, þa breited epter hanns Trv, Ebr. 13. Laatum sem hann tale nu enn þa til vor sem Petur: Jeg vil þo alltijd Kapps um kosta, ad þier epter minn Afgaang minnest þessa, 2. Pet. 1. 15. Tokum hier Vara a einum Frodmum og siaum einn Raadvandann, þvi þad mun gaanga þvilijkum vel ad sijdurstu, Pſ. 37. 37. Og þa er Strijded unned, og er ei verdt þess sem honum er nu Openberad, þar hann hefur nu sem einn rettur Konunglegur Prestur, og Prestslegur Kongur, medteked þa þresolldu (Ja, Pusundfolldu) Koronu Lijfsins, Riettlætesins og Dijrdarennar, sem alldrei fellur af, helldur er Eilijf og Oendannleg. Gott er til ad hugsa, vier konum til hanns, enn hann ecke til vor.

Gud, sem er Fader allrar Naadar, virdest ad setia hier Naadarennar Prijde a allra sinna Barna Hosud, og vernda þau med einne vænne Koronu, Prov. 4. 9. Ad þau mættu verda ein prijdeleg Korona i hanns Hende, og stioornast so og stijrast af honum, i sinne Kallan, ad þau beriest goodre Baraattu, Fullende Hlauped, med Trv og Dygd til Esiloka, þa þau munu finna Gud Trvfastann; sem giefur og giorer þad hann lofad hefur, þeim sem vinna: Ad eta af Lijfsins Tre; Af þvi hulda Manna; Vera frij fra þeim odrum Dauda; Odlast Magt yfir Heidingiun-um, Apoc. 2. Klædast hvijtum Klædum; Verda Ohræarannleger Stoolp-ar i Guds Mustere, og sitia a Sonarens Throne, C. 3. O! Þa Omet-anlegu Þyngd eilijfrar Dijrdar! Þeim eilijfa Konunge, Oforgein-gelegum, Osijnelegum, alleina vijsum Gude; sie Heidur og Dijrd um Allder Allda, A M E N.

Inn-

Innsend Erfe-Liood
efter
Sæl. Hr. Biskupeñ Gisla Magnussson
fylgia hier med.

I.
Fræa P. P. S.

SEr eg nu þad mig særer,
Sóoma-rijk Adal Bloominn,
bleik og fol burt eru tekenn,
Biarker grænar utmarkast;
Diarft fær Odæll og ertenn,
Dsoggling Skielfingar hoggvid.
Villdar-Menn Guds alvalda,
volduger ausast Molldu.

2. Hyrter, enn ei af Hiarta,
Hrygdlætur fylgia Trygder,
Mætt-hær og milldur DRottenn:
mijnu Hugse di sijnist,
sem hann af Soolar-Geimi,
sann-skign ea Tilstand Manna,
litid hafi: Og lærted,
lijk Ord af Munni vijkia.

3. Sia: stendur sea trwlynde
Saudvørdur minn i Naudum,
þreittur vid Heims Kyn-Þættu,
þræa-bænir Hvijld ad fæa;
Sæng væter sijna laungum,
sær-grætande i Tærum.
þiandur af þwngu Strijde,
þrenger ad Laufnar-Degi.

4. Opt Vonar Augum lyptir,
Angurs þa Pijlur stænga,
rennder ea Hiealpar Hendur,
hann, mijn: Og bidur þanninn;
Lættu snart, dijre DRottenn,
dvijna Hugrauner mijnar,
leidest mier Lijfs Armæda,
Lyst er ad vera med Christo.

5. Brostid er mitt i Briosti,
biartast Myskunar Hiarta,
eykur mier hardt Ofrijke,
Audvorpun sso glooande;
Minn Hiardar Høfudvørdur
Hreynlynde, skal nu reyna,
hvad eg gield þeim, er þoldu,
þiak, fyrer mijnar Sakir.

6. Þvi skalltu, þu sem ellter
Proott-Megn og Lijf fræa Droottum,
færa til mijn wr Fære,
fridsamlega, þann bidur.
Kom, hlijdde, foor, Verks-Vijma
vard ei ea Skipun hardri,
bleikann upp Bwning tekur,
burtu hvarf, fws ad starfa.

7. Gudur Naals giordar Leider,
gieck uñ Bool Stiftis Hoola,
Okyrr, leitande Lijkis,
liettfær i Hamsi þiettum,
Strijdlyndur uns nam Stadar,
stardi ea Biskups-Gardiñ,
æsti Hug, Augunn hveste,
uñ Hrijd og mælti sidann.

8. Fyrst eg er Hilmis hærsta
Her-fws Voskapa Berin,
þeim vildag þig eakoma,
Þystla-Roos Biskup Gisle,
H

eda

eda munt undann þædur,
Odals-Jardar margfroode
Stafur? þad alls eg efa,
enginn slijkt hreppir Geingid.
9. Proott-knær Frumhlauped hvatte,
hann, ad mæltu þannenn,
Skulld kallar sier Lidskyllda,
Skaperrenn, til Verk-Snerru:
Greiddu Hogg: Mæring mædde,
meigenn Saar-Dauda beigiu,
Fiell: Enn uppleid Ospiollud,
Aundeñ fræa Lijkhams Bondum.
10. Senduft (eg sæa i Anda)
Sveiter af Himna Reitum,
skynande Skarte bwnar,
Skraut var æa þeirre Brautu,
kdu; Enn Loptenn nedri,
lioomudu af slijkum Blooma,
Dans-Saung æa Dijrdar Twngu,
dillande Radder stilla.
11. Færde sw fagra Hirden,
frelsada af Daudans Helsi,
Sælu Biskupsins Sæla,
Soolar Grams ad Hæstoole;
Koronu Dijrdar klærre,
krijndest, sogur Asyndum,
Brwdgumenn Hendur bædar,
breidde moot þar hun leiddest.
12. Twnga alls fær engenn,
Ordum roomad þann Sooma,
Skilningur fellur Fængenn,
fær æi grundad þæa Æru.
Hvert munde nockurt Hiarta,
Heidur þann Grun i leida?
Þijd sem veitte Þolgoodre,
Þrenning Guddoomsins henne.
13. Hann er fræa horfinn Monnum,
Hanns Sæl uner Ve-Mæle,
Lifir glod Lopte ofar,
Lioosi klædd, Sigre hroosar,
Bein frioofgar betst, þo swne,
Bloom Dygda Minning froomust,
dijrdleg af Grof nu giordre,
Giallande Lwdur kallar.
14. Dotted tel eg Tre Marttar,
Tijged, og Stoolpa hnijgenn,
Guds Hiardar Hofud Vordur,
hueig; Þvi græata meigum;
Rockur fleyrst bodar Reckum,
Roomad, og nælægd Dooma.
Syrter: Þvi setst er hin biarta,
Sool Kyrkiu Himen-Boola.
15. Soolar af Sikling talenn,
Soola-hvorf voru Hoola,
Soolar af Sikling valenn,
Sool þesse rann upp Hoolum,
Soolar af Sikling alenn,
Sool þessi skein æa Hoolum,
Soolar af Sikling falenn,
Sool þesse leid fræa Hoolum.
16. Roomadur horsku Ræme,
Rædspakur inne Daader,
Monnum er Mal hanns kuñu,
Mæte skreyttur agiætes,
Diupsær og Vitur var Hann,
Villdar-Menned Kior-Snillda,
vandur ad Vinum reyndest,
Vinfastur, Trygglundaste.
17. Ort braut af betstu Hiarta,
Braud Hamingiu snaudum,
reyndest þeim Ranna kiendu
med Rædе vel og Daadum,
Hofdingia Virding vafde,
vann þvi Gunst ædstu Mgnna.

Faar

Faar helld eg sijdann Fijra
Fetad i Spor Hanns giete.
18. Aulldungur Jss var Folldar,
Aulldungur Lijfs ad Kvollde,
Aulldung þann, medann Allder,
Aulld telur, frægann holldum,
Aulldungur uppskar millde,
Aulldunga betstu Giollden;
Aulldungur, Efra Vellde,
Aulldunga prijder Fiolldann.
19. Skard fyrer Skyllde er vorded,
skipter Lit Hoola Stifte,
Roggsemenn, hanns lijk, hugsag,
hrade til Dæins Stada;
Mærings Manndygder skorugt
Meinged fræge, hvad lenge
Leiptur Soolar um Lopted,
Log kienner Allda-Dogum.
20. Gud, hanns Hwstrw Pol-þijdre,
þijdasta veite Blijdu,
blijdustu Huggun blæde
blædande JEsu Edar,
Eda Sorgmardra Svidann
Svide Christs Benia fride,
Fridar lioomande Leider,
leidest til Funda þreidu.
21. Gud sæa oll Meinenn græder,
Græde hanns Astvina Mædu,
Gud sæa, betst Krapte klæder,
Klæde þæa Styrk Hiælprædes,
Gud sæa Trw og Von glæder,
Glæde Pol Lifs Onædes,
Gud sæa oll veiter Giæde,
giæde oss Vistum Hæda.

11.

Fræa P. J. S.

HVM skygger biartann Himenn, Hwm fagrar Stiornur skwmar, Hwm Soolar: hefter Liooma, Hwm bijr Gladværes Umak, Hwm nær hiwpa Geyma, Hwm þreynger Sinu Rwme, Hwm þokar fast ad Heime, Hwm Lijsing giellur Dwma.

2. Sool Allder sijnar elur, Sool blikar Lopts und Hioolum, Sool Lijssins settst hin fola Sool-fogur ad Næa-Boolum; Sool Kyrkiu swwtvalenn, Sool skiær og Biskups Stoole, Soolar i efstu Solum, Soolar Grams viek ad Skiocle.

3. Undur skie ockru Lande, Undur sem hryggia mundu, Undarlegs oblug Hondenn, Undur þau fremur stundum: Undur þo ecke reyndar, Undur slijk Falle bundust, Undrum þeim aller stondum, under i Voku og Blunde.

4. Skard lijtst i Skyllde vorded, Skard þad oss Ynde vardar, Skard Engla Skiolldungs Hyrdar, Skard mun i Biskups Garde, Skard þetta skorpu Sverde, skardad feck Dandiu hardi: Skard er ad skuli Virdum, Skard Audnu slijkt akvardast.

5. Gisle hnie studdur Giætslu, Gisle Lioos Nordan Jslands, Gisle fra Guds Pund-Verslan, Gisle Roos vorrar Syslu, Gisla Giaf-milldes Veitsl, Gisla Hroos fengu kvijslad, Gisli doo ei, þvi geisla, Gisla Biskups Ett-Hrijslur.

6. Soome Lands sinn Lijfs Tijma, Seim-rijfur Mær og Beime, rijmande Glæpa Groome, Grams Soolar Hakeldama, Fræmudur Presta froomur, Framadur Snilli

tamur

tamur, Amarants alenn Blooma, Amalaus, hreinn, Røksamur.

7. Fræde nam fyrr a Tijdum, Fræde Prestlingum ræda; Fræde Ønnungar frijdust, Fræda Und heyrdu blæda, Fræde su Andar Fridar, Frædeleg rakte Astædur, Fræde Biskups frekt daadu, Fræding þeirs' heyrdu Giæda.

8. Engell Guds Orda slijngur, Engell Hers Soolar Þengils, Engels bar Edle Twngu, Engell rijkiande lenge, Engell med Alldurs Þwnga, Engel Himen Braut gengenn, Engla þar uner Sanngum, Engel Hvarf þreyer Menged.

9. Dijrd-skreittur DRottens Hyrder, Dijrdar Mannkostum hijrdur, Dijrd halldenn dijr Ætt-Jardar, dijrdlegur medann stijrde, Dijrd Hanns hiaa Dønum fordum, diirdlega floo aan Rijrdar. Dijrdlega Døgum varde, Dijrd Guds ad Lande skijrdest.

10. Øldungur Ør og Milldur, Øldungur haar ad Vølldum, Øldung þeim allur fylgde, Øldunga Dygda Fiølldenn, Øldungum ædstu skilldur, Øldunga lægre Skiølldur, Øldung þann Æru gillda Øldunga fremsiann tølldum.

11. Øll Spor hanns Æru-gullenn, allstadar frij af Galla, øll blikud ædstu Heillum, allbloomud vel maa kalla. Øllum meir Orda Snilles allfrægann, Lærder spialla; Øllum band Ast og Hylle, aller nu þreya Fallenn.

12. Munadarlausa i Meinum, Maktar fool sijnu Skioole, Braud feck broted Hwngrudum, braadt Nakenn Klædum þaked, Fødurlausra var Fader, Foothrumum Lyknar skiootur Herra, med Hiaastod dijrre, Herra Nafn bar Oþverrad.

13. Naad og Naattura Giædum, naadu vorn Herra baadar, naadugar nærsta skrijda, Naad Umflotenn a Laade, Naad þesse nu er lidenn; Naad hann Christs Dyrdar þaade, Naad Guds sem ny aabreidest, naade Verk Hag og Raadenn.

14. Hroos Alldurs Hærur glæsa, Hroosverdar naade liosast. Hroos-bloomud hrein Good-fyse, Hroos ried allsvegar kioosa, Hroos-sæll nam hiedann leysast, hroosande Dygda Roosum, Hroos Lidens Haudur Isa Hroosunar fræge Gloosum.

15. Ætt Bloomstur Adals þetta, Ætt sijna fagur rætte. Ættgengt Laan alla hitte Ættar Biskups Kyn-Þætte! Ættgaafum Unger mettest! Ættprijs ei Gømlum hætte! Ættenn so øll med Riette Ætta-Krans heita mætte.

16. Hvarr mun nu slijkur Herra? Hvar i Geistlegra Skara? Hvar jøfnum Heidre kiøriñ, Hvar añar skrantlegare? Hvar er saa Hoolum stijre? Hvar und' Røduls Umfare? Hvar siest hañ? Hverge vera. Hvar? Skal þvi enginn svara?

17. Sof Herra! Sæmdinn lifer, sof Angurs horfinn Dofa! Sof Herra! Sælu vafinn, sof Møtum Blunds Orofinn! Sof medann Sunna hreifest! Sofe þo alldrei Lofed! Sof uns Her Zions drijfur, Sofendur Styum ofar.

18. Grætur Frw goodann laatinn, grætur Affspreinge mætast, grætur Ætt-Grein allvitrañ, grætur Þiood, audt er Sæted. Heil-sturinn Harma þilur, Hoola Doom-Kyrkia og Skoole. Syrgium ei! Sool er aa Morgun, Syrgiendum Angur byrgest.

19. Ydur Haa- og Vel-Ædla, ydur Fru, samt hañs Nidiar, ydur sem epterbijded, ydar Hiaalprædis Gridum, ydar Saar Angurs græde; ydur, Høfdinge Fridar, ydur Lijfs Yude greide, ydur Vægd Hels i Hvidum.

20. Lifed med List og Giæfu, lifed Hagsældum drifenn, lifed kiær Lioosa-Jøfur, lifed Stioorn forsiaal yfer, lifed Tign Lands upphafinn, lifed glæst jøgrum Bifur, lifed æ Lofe reifud, lifed Guds Naad innskrifud.

E R R A T A.

Pag. 10. Lin, 14. 11. les 2. Pag. 16, l. 32. leigdur l. leiddur.